



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Kynþáttahyggja og viðhorf til innflytjenda á Íslandi

**Könnun meðal íslenskra ríkisborgara á kynþáttahyggju
og viðhorfum þeirra til innflytjenda á Íslandi**

Október 2008

Eva Heiða Önnudóttir

Njörður Sigurjónsson

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst

311 Borgarnes. Sími: 433-3000

www.rannsoknamidstod.bifrost.is



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Efnisyfirlit

Yfirlit yfir töflur	3
Yfirlit yfir myndir	7
Helstu niðurstöður	9
Inngangur	11
Um rannsókn	14
Niðurstöður úr könnun	17
Hversu mörgum innflytjendum á að hleypa landsins?	17
Ávinningur af innflytjendum.....	32
Kynþáttahyggja	42
Aðlögun innflytjenda	54
Innflytjendur á vinnumarkaði.....	66
Fordómar gagnvart innflytjendum	76
Eru innflytjendur taldir líklegri til að fremja afbrot?	78
Tengsl Íslendinga við innflytjendur	81
Samandregnar niðurstöður	88
Heimildaskrá.....	93
Viðauki I - spurningalistinn	94

Yfirlit yfir töflur:

Tafla 1 Yfirlit yfir heimtur í könnun	14
Tafla 2. Að hvaða marki ætti að leyfa fólki sem er af sama kynþætti eða hefur svipaðan menningarlegan uppruna og flestir Íslendingar að flytjast hingað til lands? 2008.....	17
Tafla 3. Að hvaða marki ætti að leyfa fólki sem er af sama kynþætti eða hefur svipaðan menningarlegan uppruna og flestir Íslendingar að flytjast hingað til lands? Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmalaflokkum kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.....	19
Tafla 4. Að hvaða marki ætti að leyfa fólki af öðrum kynþætti eða menningarlegum uppruna en flestir heimamenn að flytjast til landsins? Samanburður á milli 23 Evrópuríkja.....	20

Tafla 5. Að hvaða marki ætti að leyfa fólki af öðrum kynþætti eða menningarlegum uppruna en flestir Íslendingar að flytjast hingað til lands? 2008.	21
Tafla 6. Að hvaða marki ætti að leyfa fólki af öðrum kynþætti eða menningarlegum uppruna en flestir Íslendingar að flytjast hingað til lands? Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmalaflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.	22
Tafla 7. Að hvaða marki ætti að leyfa fólki af öðrum kynþætti eða menningarlegum uppruna en flestir Íslendingar að flytjast hingað til lands? Samanburður á milli 23 Evrópuríkja.	24
Tafla 8. Að hvaða marki ætti að leyfa fólki frá fátækari löndum utan Evrópu að flytjast hingað til lands? 2008.	25
Tafla 9. Að hvaða marki ætti að leyfa fólki frá fátækari löndum utan Evrópu að flytjast hingað til lands? Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmalaflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.	26
Tafla 10. Að hvaða marki ætti að leyfa fólki frá fátækari löndum utan Evrópu að flytjast hingað til lands? Samanburður á milli 23 Evrópuríkja.	27
Tafla 11. Að hvaða marki ætti að leyfa fólki frá fátækari löndum innan Evrópu að flytjast hingað til lands? 2008.	28
Tafla 12. Að hvaða marki ætti að leyfa fólki frá fátækari löndum innan Evrópu að flytjast hingað til lands? Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmalaflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.	29
Tafla 13. Að hvaða marki ætti að leyfa fólki frá fátækari löndum innan Evrópu að flytjast hingað til lands? Samanburður á milli 23 Evrópuríkja.	30
Tafla 14. Almennt séð, telur þú að það sé gott eða slæmt fyrir efnahag Íslands að fólk frá öðrum löndum flytjist hingað? 2008.	32
Tafla 15. Telur þú almennt séð, að fólk frá öðrum löndum sem hingað flyst grafi undan eða auðgi íslenskt menningarlíf? 2008.	33
Tafla 16. Gerir það Ísland að betri eða verri stað að búa á ef fólk frá öðrum löndum flyst hingað? 2008.	33
Tafla 17. Almennt séð, telur þú að það sé gott eða slæmt fyrir efnahag Íslands að fólk frá öðrum löndum flytjist hingað? Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmalaflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.	35
Tafla 18. Almennt séð, telur þú að það sé gott eða slæmt fyrir efnahag landsins að fólk frá öðrum löndum flytjist til þess? Samanburður á milli 23 Evrópuríkja.	36
Tafla 19. Telur þú almennt séð, að fólk frá öðrum löndum sem hingað flyst grafi undan eða auðgi íslenskt menningarlíf? Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmalaflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.	37

Tafla 20. Telur þú almennt séð, að fólk frá öðrum löndum sem flyst til landsins grafi undan eða auðgi menningarlíf þess? Greint eftir stjórnámálflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. Samanburður á milli 23 Evrópuríkja.....	39
Tafla 21. Gerir það Ísland að betri eða verri stað að búa á ef fólk frá öðrum löndum flyst hingað? Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnámálflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.	40
Tafla 22. Gerir það landið að betri eða verri stað að búa á ef fólk frá öðrum löndum flyst til þess? Samanburður á milli 23 Evrópuríkja.....	41
Tafla 23. Fólk af ólíkum kynþáttum hefur mismunandi líkamlega getu. 2008.	42
Tafla 24. Fólk af ólíkum kynþáttum hefur mismunandi líkamlega getu. Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnámálflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.	43
Tafla 25. Fólk af ólíkum kynþáttum hefur mismunandi greindarfar. 2008.	44
Tafla 26. Fólk af ólíkum kynþáttum hefur mismunandi greindarfar. Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnámálflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.	45
Tafla 27. Menning er mismunandi vegna þess að kynþættir eru ólíkir. 2008.....	46
Tafla 28. Menning er mismunandi vegna þess að kynþættir eru ólíkir. Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnámálflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.	46
Tafla 29. Hugtakið kynþáttur er gagnleg aðferð til að flokka fólk eftir útliti. 2008.	48
Tafla 30. Hugtakið kynþáttur er gagnleg aðferð til að flokka fólk eftir útliti. Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnámálflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.....	49
Tafla 31. Hugtakið kynþáttur er vísindaleg flokkunaraðferð. 2008.	50
Tafla 32. Hugtakið kynþáttur er vísindaleg flokkunaraðferð. Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnámálflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.	51
Tafla 33. Hugtakið kynþáttur vísar í úrelta flokkun sem á sér ekki vísindalegar stoðir. 2008.	52
Tafla 34. Hugtakið kynþáttur vísar í úrelta flokkun sem á sér ekki vísindalegar stoðir. Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnámálflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.....	52
Tafla 35. Er betra að innflytjendur viðhaldi sínum sérstöku siðum eða að þeir geri það ekki, heldur tileinki sér siði þess lands sem þeir flytja til? 2008.....	55

Tafla 36. Er betra að innflytjendur viðhaldi sínum sérstöku siðum eða að þeir geri það ekki, heldur tileinki sér siði þess lands sem þeir flytja til? Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmalaflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.	56
Tafla 37. Hvenær telur þú að innflytjendur eigi að öðlast sama rétt og aðrir til velferðarþjónustu á Íslandi? 2008.	58
Tafla 38. Hvenær telur þú að innflytjendur eigi að öðlast sama rétt og aðrir til velferðarþjónustu á Íslandi? Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmalaflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.	59
Tafla 39. Finnst þér skipta litlu eða miklu máli að fólk í hjónabandi sé af sama þjóðerni? 2008.	60
Tafla 40. Finnst þér skipta litlu eða miklu máli að fólk í hjónabandi sé af sama þjóðerni? Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmalaflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.	61
Tafla 41. Innflytjendur eru alvarleg ógn við þjóðareinkenni okkar. 2008.	62
Tafla 42. Innflytjendur eru alvarleg ógn við þjóðareinkenni okkar. Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmalaflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.	63
Tafla 43. Finnst þér skipta litlu eða miklu máli að bæta lífskjör útlendinga á Íslandi? 2008.	64
Tafla 44. Finnst þér skipta litlu eða miklu máli að bæta lífskjör útlendinga á Íslandi? Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmalaflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.	65
Tafla 45. Þegar atvinna er af skorum skammti, eiga atvinnurekendur að ráða Íslendinga í vinnu frekar en aðra. 2008.	66
Tafla 46. Þegar atvinna er af skorum skammti, eiga atvinnurekendur að ráða Íslendinga í vinnu frekar en aðra. Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmalaflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.	68
Tafla 47. Innflytjendur eru í samkeppni við Íslendinga um störf á vinnumarkaði hér á landi. 2008.	69
Tafla 48. Innflytjendur eru í samkeppni við Íslendinga um störf á vinnumarkaði hér á landi. Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmalaflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.	70
Tafla 49. Fjölgun innflytjenda eða farandverkamanna á Íslandi lækka almennt meðallaun á Íslandi. 2008.	71
Tafla 50. Fjölgun innflytjenda eða farandverkamanna á Íslandi lækka almennt meðallaun á Íslandi. Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmalaflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.	72
Tafla 51. Fjölgun innflytjenda eða farandverkamanna sem koma erlendis frá til að vinna á Íslandi verður til þess að meðallaun lækka í þeim atvinnugreinum sem þeir starfa í á Íslandi. 2008.	73

Tafla 52. Fjölgun innflytjenda eða farandverkamanna sem koma erlendis frá til að vinna á Íslandi verður til þess að meðallaun lækka í þeim atvinnugreinum sem þeir starfa í á Íslandi. Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmalaflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.....	75
Tafla 53. Íslendingar eru almennt fordómalausari gagnvart innflytjendum heldur en aðrar Evrópuþjóðir. 2008.....	76
Tafla 54. Íslendingar eru almennt fordómalausari gagnvart innflytjendum heldur en aðrar Evrópuþjóðir. Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmalaflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.....	77
Tafla 55. Telur þú að innflytjendur séu líklegri eða ólíklegri heldur en Íslendingar til að fremja afbrot? 2008.....	78
Tafla 56. Telur þú að innflytjendur séu líklegri eða ólíklegri heldur en Íslendingar til að fremja afbrot? Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmalaflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.....	80
Tafla 57. Ert þú í reglulegum samskiptum við eina eða fleiri manneskju sem er af erlendum uppruna og hefur flutt til Íslands? 2008.	81
Tafla 58. Ert þú í reglulegum samskiptum við eina eða fleiri manneskju sem er af erlendum uppruna og hefur flutt til Íslands? Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmalaflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.....	82
Tafla 59. Hvernig tengist/tengjast þessir einstaklingur/ar þér? Merkt var við allt sem við átti. 2008.83	
Tafla 60. Hvernig tengist/tengjast þessir einstaklingur/ar þér? Merkt var við allt sem við átti. Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmalaflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.	84
Tafla 61. Frá hvaða landi er sá einstaklingur/einstaklingar sem þú ert í reglulegum samskiptum við? Merkt var við allt sem við átti. 2008.	86

Yfirlit yfir myndir:

Mynd 1. Að hvaða marki ætti að leyfa fólki sem er af sama kynþætti eða hefur svipaðan menningarlegan uppruna og flestir Íslendingar að flytjast hingað til lands? Samanburður á milli 2005 og 2008.....	18
Mynd 2. Að hvaða marki ætti að leyfa fólki af öðrum kynþætti eða menningarlegum uppruna en flestir Íslendingar að flytjast hingað til lands? Samanburður á milli 2005 og 2008.....	21
Mynd 3. Að hvaða marki ætti að leyfa fólki frá fátækari löndum <u>utan</u> Evrópu að flytjast hingað til lands? Samanburður á milli 2005 og 2008.	25

Mynd 4. Samandregið. Þeir sem svar að leyfa eig <u>mörgum</u> að flytjast til Íslands greint eftir því hvort að hvort að innflytjendur hafi svipaðan menningarlegan uppruna, séu af ólíkum kynþætti eða menningarlegum uppruna, komi frá fátækari löndum utan eða innan Evrópu. Samanburður á milli 2005 og 2008.	31
Mynd 5. Samanburður á meðaltölum árin 2005 og 2008 eftir því hvort að svarendur telji að það geri slæmt eða gott fyrir efnahagslíf Íslands, hvort það auðgi eða grafi undan íslensku menningarlífi geri Ísland að verri eða betri stað að búa á eða ef fólk frá öðrum löndum flyst til Íslands.	34
Mynd 6. Fólk af ólíkum kynþáttum hefur mismunandi líkamlega getu. 2008.	42
Mynd 7. Fólk af ólíkum kynþáttum hefur mismunandi greindarfar. 2008.	44
Mynd 8. Menning er mismunandi vegna þess að kynþættir eru ólíkir. 2008.	46
Mynd 9. Hugtakið kynþáttur er gagnleg aðferð til að flokka fólk eftir útliti. 2008.	48
Mynd 10. Hugtakið kynþáttur er vísindaleg flokkunaraðferð. 2008.	50
Mynd 11. Hugtakið kynþáttur vísar í úrelta flokkun sem á sér ekki vísindalegar stoðir. 2008.	52
Mynd 12. Er betra að innflytjendur viðhaldi sínum sérstöku siðum eða að þeir geri það ekki, heldur tileinki sér siði þess lands sem þeir flytja til? Samanburður á milli 1999 og 2008	55
Mynd 13. Þeir sem svara að það sé betra að innflytjendur viðhaldi sínum venjum. Samanburður á milli 33 ríkja.	57
Mynd 14. Finnst þér skipta litlu eða miklu máli að fólk í hjónabandi sé af sama þjóðerni? 2008.	60
Mynd 15. Innflytjendur eru alvarleg ógn við þjóðareinkenni okkar. 2007 og 2008.	62
Mynd 16. Finnst þér skipta litlu eða miklu máli að bæta lífskjör útlendinga á Íslandi? 2008.	64
Mynd 17. Þegar atvinna er af skornum skammti, eiga atvinnurekendur að ráða Íslendinga í vinnu frekar en aðra. 2008.	67
Mynd 18. Innflytjendur eru í samkeppni við Íslendinga um störf á vinnumarkaði hér á landi. 2008.	69
Mynd 19. Fjölgun innflytjenda eða farandverkamanna á Íslandi lækka almennt meðallaun á Íslandi. 2008.	71
Mynd 20. Fjölgun innflytjenda eða farandverkamanna sem koma erlendis frá til að vinna á Íslandi verður til þess að meðallaun lækka í þeim atvinnugreinum sem þeir starfa í á Íslandi. 2008.	73
Mynd 21. Íslendingar eru almennt fordómalausari gagnvart innflytjendum heldur en aðrar Evrópuþjóðir. 2008.	76
Mynd 22. Telur þú að innflytjendur séu líklegri eða ólíklegri heldur en Íslendingar til að fremja afbrot? 2008.	79
Mynd 23. Hvernig tengist/tengjast þessir einstaklingur/ar þér? Merkt var við allt sem við átti. 2008.	83
Mynd 24. Frá hvaða landi er sá einstaklingur/einstaklingar sem þú ert í reglulegum samskiptum við? Merkt var við allt sem við átti. 2008.	87

Helstu niðurstöður

Af rannsókninni má draga tvær meginályktanir. Í fyrsta lagi að Íslendingar hafa almennt jákvæða afstöðu til innflytjenda í samanburði við aðrar þjóðir. Í öðru lagi hefur hefur afstaða Íslendinga til innflytjenda orðið neikvæðari á síðustu árum og á sama tíma hefur innflytjendum fjölgað á Íslandi. Konur og yngra fólk hefur oftast jákvæða afstöðu til innflytjenda samanborið við karla og þá sem eru eldri. Að sama skapi má sjá tilhneigingu meðal þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðis og þeir sem starfa við iðnaðarstörf eða ósérhæfð verkastörf til þess að þeir hafi neikvæðari afstöðu til innflytjenda heldur en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu eða eru í öðrum störfum.

- Um 40% telja að leyfa eigi mörgum sem eru af sama kynþætti eða svipuðum menningarlegum uppruna að flytjast til Íslands en árið 2005 var það um helmingur. Um fjórðungur svarenda telja að leyfa eigi mörgum að flytjast til Íslands sem eru af öðrum kynþætti eða menningarlegum uppruna eða frá fátækari löndum utan Evrópu, en árið 2005 var hlutfallið 30% í báðum tilfellum. Í öllum tilfellum voru Íslendingar með þeim jákvæðustu að leyfa mörgum að flytja til landsins í samanburði við aðrar þjóðir þar sem sömu spurningar höfðu verðu lagðar fyrir en á sama tíma hefur dregið úr jákvæðni Íslendinga til þessa á síðustu þremur árum.
- Íslendingar voru frekar á því að það væri gott fyrir efnahag Íslands að fólk frá öðrum löndum flytjist til landsins og virðist sú afstaða lítið hafa breyst síðan 2005. Jafnframt voru svarendur einnig frekar á því að innflytjendur auðgi íslenskt menningarlíf og geri Ísland að betri stað að búa á, en þó minna jákvæðir heldur en árið 2005. Á sama tíma eru Íslendingar jákvæðastir í samanburði við aðrar þjóðir sem könnunin var lögð fyrir árið 2002.
- Í meirihluta tilvilka telja svarendur að kynþættir hafi ekki mismunandi líkamlega eða andlega getu, heldur virðast miklu frekar tengja þá við ólíka menningu.
- Það er útbreidd skoðun meðal svarenda að telja það betra fyrir þjóðfélagið í heild að innflytjendur viðhaldi ekki sínum siðum og hefðum, heldur tileinki sér siði þess lands sem þeir flytja til. Þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðis voru frekar á þessari skoðun samanborið við höfuðborgarbúa og eins þeir sem starfa í iðnaðarstörfum og ósérhæfðum verkastörfum samanborið við aðra starfaflokka.
- Íslendingar telja almennt að innflytjendur séu ekki alvarleg ógn við þjóðareinkenni Íslendinga og telja það ekki skipta miklu máli hvort að fólk á hjónabandi sé af sama þjóðerni eða ekki.
- Um 40% telja að þegar atvinna er af skornum skammti eigi atvinnurekendur að ráða Íslendinga í vinnu frekar en aðra og eru þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðis frekar á þessari skoðun heldur en höfuðborgarbúar. Að sama skapi telja um 56% Íslendinga að

innflytjendur séu í samkeppni við Íslendinga um störf á íslenskum vinnumarkaði og enn fleiri að þeir lækki meðallaun á Íslandi.

- Íslendingar telja sig síður en svo vera fordómalausari í garð innflytjenda heldur en aðrar Evrópuþjóðir og er yngra fólk og þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu frekar á þeirri skoðun samanborið við þá sem eru eldri og búa utan höfuðborgarsvæðis.
- Af þeim sem tóku afstöðu til þess hvort að innflytjendur væru líklegri en Íslendingar til að fremja afbrot, telja hlutfallslega fleiri að innflytjendur væru líklegri til þess. Það eru helst þeir sem eru með háskólamenntun sem eru síst á því að innflytjendur séu líklegri til að fremja afbrot.
- Hátt í 70% svarenda eru í reglulegum samskiptum við eina eða fleiri manneskju sem er af erlendum uppruna og hefur flutt til Íslands og þar af langflestir í gegnum starf eða nám. Þegar spurt var um upprunaland viðkomandi voru alls 94 lönd eða landssvæði nefnd.

Inngangur

Á áratugnum 1998-2007 varð mikil fjölgun innflytjenda á Íslandi. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands fluttu 1.774 erlendir ríkisborgarar til Íslands árið 1998 en árið 2007 var þessi tala kominn upp í 7.304 sem fluttu til Íslands það ár. Það sem af er á árinu 2008 (janúar til september) þegar þessi skýrsla er skrifuð höfðu 7.444 erlendir ríkisborgarar flutt til Íslands og í mars var áætlað að hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarmannfjölda á Íslandi væri 6,8% eða 21.434 talsins (Hagstofa Íslands, 2008). Ýmsar ástæður geta legið að baki fólksflutningum á milli landa; allt frá átökum í heimalöndum innflytjenda yfir í leit að betri lífskjörum. Skipta má fólksflutningum til og frá Evrópu og innan álfunnar á síðustu tæplega tveimur öldum gróflega niður í fjögur tímabil (Rystad, 1992). Fyrsta tímabilið frá því um miðja 19.öld fram að fyrri heimsstyrjöldinni einkenndist af frjálsum fólksflutningum bæði innan Evrópu og frá Evrópu til annarra heimsálfa. Fólki var frjálst að flytja nær hvert sem er og þurfti það ekki að sækja sérstaklega um atvinnuleyfi í þeim ríkjum sem það flutti til. Annað tímabilið sem hófst við upphaf fyrri heimsstyrjaldarinnar og stóð til loka þeirrar seinni einkenndist af því að ríkisstjórnir hófu að reyna að stýra flæði innflytjenda, með því að setja lög og reglur um fólksflutninga og höft á hverjir gætu sest að og starfað innan marka ríkisins. Á þriðja tímabilinu, sem stóð frá lokum seinni heimsstyrjaldar fram til byrjun áttunda áratugarins, var höftum í flestum Vestrænum ríkjum létt af því hverjir gætu flutt og starfað innan ríkjanna, meðal annars vegna þess að ríkin þurftu á ódýru vinnuafli að halda. Eftir miðjan áttunda áratuginn og fram til 1980 tók við fjórða tímabilið sem einkennist af mikilli stjórn og höftum á hverjir geta flutt á milli landa eða svæða. Það á sérstaklega við um lönd sem ekki hafa gert með sér sérstakt samkomulag um frjálsa för fólks. Rystad segir að eftir árið 1980 hefur í Evrópu þó hugsanlega tekið við fimmta tímabilið sem þar sem opnað hefur verið fyrir innflytjendum frá þróunarlöndum. Með stækkun Evrópussambandsins árið 1995 í 15 ríki og 2005 í 25 hafa orðið auknir fólksflutningar innan álfunnar, sér í lagi innan evrópska efnahagssvæðisins.

Með Rómarsáttmálanum sem tók gildi 1958 var lagður grunnurinn Efnahagsbandalagi Evrópu og fjórfrelsinu svokallaða; sameiginlegum markaði með vörur, þjónustu, fjármagn og vinnuafli. Með aðild Íslands að EES samningnum sem gekk í gildi 1. janúar árið 1994 gekkst Ísland undir fjórfrelsið, en það var þó ekki fyrr en eftir að Austur Evrópuríkin; Pólland, Eistland, Lettland, Litháen, Tékkland, Slóvakía og Slóvenía gengu í ESB ásamt fleiri ríkjum árið 2004 að veruleg fjölgun varð á erlendum ríkisborgurum sem komu til starfa á Íslandi. Árið 2004 komu 2.512 erlendir ríkisborgarar til Íslands en árið 2005 fjölgaði þeim í 4.680. Ef aðeins eru athugað hversu margir Pólverjar sem fluttust til Íslands, þá voru þeir alls 246 árið 2004, árið 2005 voru 1.539 og árið 2007 var fjöldi þeirra kominn í 4.184 af þeim 7.304 erlendu ríkisborgurum sem fluttust til Íslands (Hagstofa Íslands, 2008).

Við fjölgun innflytjenda á Íslandi hefur umræðan um aðlögun þeirra eða útilokun aukist og í því samhengi er hugtakið *fjölmennning* oft nefnt. Í grein sinni „Fjölmennning á ferð og flugi“ (2004), bendir Unnur Dís Skaptadóttir á að oft sé rætt um menningu sem óbreytanlega fasta, það er að til sé til dæmis tyrknesk menning sem flytur sig óbreytanleg á milli landa með fólksflutningum. Hún vill meina að þetta sé ekki rétt nálgun, þar sem menning er ekki óbreytanlegur fasti, heldur breytist í tíma og rúmi. Þannig er til dæmis menning tyrkneskra innflytjenda í Frakkland ólík menningu tyrkneskra innflytjenda í Þýskalandi meðal annars vegna þess að þessi ríki nálgast innflytjendur á ólíkan hátt. Aðlögun innflytjenda er flókið samspil á milli menningar innflytjenda, tengsl þeirra við upprunaland sitt og menningar heimamanna. Ekki er hægt að líta svo á að annað hvort haldi innflytjendur sínum siðum eða þeir láti af sínum siðum og taki upp siði og hefðir þess lands sem þeir flytja til, heldur er menning: „...síbreytileg blanda menningarþátta og strauma og það er erfitt að segja hvar ein menning endar og önnur byrjar“ (Unnur Dís Skaptadóttir, 2004; 589). Unnur Dís varar við því að í umræðu um fjölmenningu sé ekki fests í gömlum hugmyndum um fjölmenningu, að menning sé óbreytanlegur fasti, en jafnframt að mikilvægt sé að gera sér grein fyrir styrk og þeim vandamálum sem geta komið upp í fjölmenningsamfélagi.

Samkvæmt Rystad stýrast fólksflutningar ekki eingöngu af lögum og reglum, eða vilja fólks til að flytja, heldur koma einnig inn þættir eins og hvort það sé næg atvinna í því landi sem flutt er til, hvort að lífskjörin þar eru talin betri en í landinu sem flutt er frá eða hvort fólk er að flýja átök í sínu heimalandi. Nauðsynlegt er að greina á milli annars vegar þeirra sem flytja sig tímabundið á milli landa og snúa svo aftur til síns heimalands og hins vegar þeirra sem flytja til að setjast að til framtíðar. Sú stefna að veita innflytjendum tímabundið atvinnuleyfi, þar sem gengið er út frá að hægt sé að nota vinnuaflið á meðan næg atvinna er til staðar, hefur ekki gengið upp. Til dæmis var það þannig í Þýskalandi og Frakklandi í olúkreppunni á áttunda áratugnum að það dró úr fjölgun innflytjenda, en þeir innflytjendur sem fyrir voru bjuggu margir hverjir áfram í sínum nýju heimkynnum (Rystad, 1992). Ástæður fyrir því geta verið fjölmargar, til dæmis að það hafi verið jafn mikið eða meira atvinnuleysi í heimalandinu. Það getur líka verið vegna þess að innflytjendur sem hafa starfað innan ríkis um nokkurra eða margra ára skeið, vilji halda áfram að búa í landinu þar sem þeir hafa komið sér upp heimili, lífsstíl, félagslegum tengslum og jafnvel fjölskyldutengslum. Það er því ekki hægt að gera ráð fyrir því að allir innflytjendur sem hafa sest að á Íslandi síðasta áratug, hverfi af landi brott við þá efnahagskreppu sem landið virðist vera í nú á dögum. Það getur verið að einhver hluti geri það alveg eins og hluti heimamanna flytji sig af landi brott til að starfa í öðrum löndum.

Í umræðu um innflytjendur þarf að takast á við málefni sem snerta t.d. lögbundin réttindi fólks, aðlögun og útilokun innflytjenda í samfélagi, þátttöku og einangrun innflytjenda og sjálfsmýnd þeirra og tengsl bæði við sín heimalönd og eins þau ríki sem flutt er til. Innflytjendur eru oft í stöðu

minnihlutahóps í nýju samfélagi þar sem þeir hafa oft lítil úrræði til að vera þátttakendur í hinu formlega valdakerfi. Þeir hafa jafnvel lítil áhrif á ákvarðanatöku sem snýst um þeirra sérhagsmuni, til dæmisum lagalega stöðu innflytjenda innan ríkisins. Í mörgum löndum hafa orðið til hagsmunasamtök og stjórnmalaflokkar sem hafa það að markmiði að vinna að málefnum innflytjenda, en jafnframt hafa orðið til samtök og flokkar sem vinna gegn auknum fjölda innflytjenda og engin ástæða til að ætla að Ísland sé þar undanskilið. Það hefur sýnt sig að hægri öfga flokkar sem byggja á hugmyndafræði um þjóðernishyggju sækja fylgi sitt til tekjulægri einstaklinga sem hafa minni menntun og tilheyra verkamannastétt (Inglehart, 1997). Ein skýringin gæti verið sú að þetta sé sá hópur sem telur sér helst verið ógnað af innflytjendum á vinnumarkaði, þar sem þeir upplifa að innflytjendur taki frá þeim störf.

Í umræðu um innflytjendur hefur stundum verið talað um kynþætti í sömu andrá. Hugtakið kynþáttur er sögulegt og félagslegt fyrirbæri og ekki er einhlítur skilningur á því hvað hugtakið felur í sér (Kristín Loftsdóttir, 2004). Flokkun í kynþætti getur falið í sér allt frá einfaldri flokkun eftir hörundslit og útliti yfir í að tengja hugtakið við menningu og mismunandi andlega og líkamlega getu. Ekki verður farið nánar út í umræðu hér um hvað hugtakið kynþáttur merkir, en vegna tengingar þess við umræðu um innflytjendur, var ákveðið í þessari rannsókn að endurtaka spurningar kynþáttahyggju sem Kristín Loftsdóttir lagði fyrir Íslendinga árið 2004 og birti í grein sinni „Ég er ekki með kynþáttafordóma en...” (2004). Það er tvær ástæður fyrir því að ákveðið var að endurtaka spurninngarnar. Í fyrsta lagi til að kanna hvort einhverjar breytingar hafi orðið á viðhorfum fólks til hugtaksins kynþáttur samfara auknum fjölda innflytjenda og í öðru lagi til að safna gögnum þar sem hægt er að tengja saman afstöðu fólks til kynþátta við viðhorf til innflytjenda á Íslandi.

Fjölgun innflytjenda á Íslandi er staðreynd og því fylgja ýmis verkefni sem þarf að takast á við. Í þessari skýrslu er að finna fyrstu niðurstöður úr könnun þar sem íslenskir ríkisborgarar voru spurðir út í viðhorf til innflytjenda og kynþátta. Það var talið mikilvægt að greina hvert viðhorf Íslendinga er til innflytjenda og kynþátta, og er þessi könnun viðbót við fáu en vaxandi rannsóknir sem hafa verið gerðar á viðhorfum til innflytjenda hér á landi. Það er þarft verkefni að skoða hvernig íslenskt samfélag er að þróast og mun bregðast við málefnum innflytjenda, sérstaklega þegar kreppir að.

Um rannsókn

Árið 2007 fékk Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst styrk til að vinna úr fyrirbyggjandi gögnum sem til eru á Íslandi á viðhorfum Íslendinga til innflytjenda á Íslandi og jafnframt til að gera nýja viðhorfskönnun meðal íslenskra ríkisborgara á viðhorfum þeirra til innflytjenda.

Í þessari skýrslu eru settar fram niðurstöður þessarrar vinnu í töflum og myndum. Notuð voru fyrirbyggjandi gögn úr lífsgildakönnun frá árinu 1999 (*European Value Survey*), könnun á lífsgildum frá árinu 2002 og 2005 (*European Social Survey (ESS)*) og gögn úr Kosningarannsókn Ólafs Þ. Harðarsonar frá árinu 2007, með góðfúslegu leyfi höfunda. Lagðar voru fyrir að hluta til sömu spurningar og voru í þessum könnunum og jafnframt lagðar fyrir spurningar sem Kristín Loftsdóttir lagði fyrir í könnun á kynþáttahyggju árið 2003 og birti í fyrstu niðurstöður úr árið 2004 með góðfúslegu leyfi hennar. Spurningalistinn er birtur í heild sinni í Viðauka I.

Könnunin var lögð fyrir 1000 manna úrtak meðal íslenskra ríkisborgara, dagana 3. september til 23. september árið 2008. Svarhlutfall er 58,0% eftir að búið er að undanskilja þá sem eru of veikir til að svara, þroskaheftir, heyrnarlausir, erlendir og/eða tala ekki íslensku, búa erlendis eða eru látnir (sjá töflu 1).

Tafla 1 Yfirlit yfir heimtur í könnun

	Fjöldi	Svar- hlutfall / nettó	Svar- hlutfall brúttó
Tók þátt í könnun	562	58,0%	56,2%
Neitar að svara	156	16,1%	15,6%
Náðist ekki í	251	25,9%	25,1%
Samtals	969	100%	
Veikur / þroskaheft(ur) / Erlendur / talar ekki íslensku	5		0,5%
Býr erlendis	14		1,4%
Látin	11		1,1%
Látin	1		0,1%
Samtals	1000		100%

Fyrst voru lagðar fyrir fjórar spurningar um að hvaða marki ætti að leyfa fólki sem að flytjast til Íslands þar sem aðgreint var fólk sem var af sama kynþætti eða hefur svipaðan menningarlegan

uppruna og flestir Íslendingar, fólk af ólíkum kynþætti eða menningarlegum uppruna, fólk frá fátækari löndum utan Evrópu og fólk frá fátækari löndum innan Evrópu. Þrjár af þessum spurningum voru lagðar fyrir Íslendinga árið 2005 og allar fjórar í 22 öðrum ríkjum árið 2002 í *European Social Survey* og eru niðurstöður bornar saman við svör Íslendinga árið 2008.

Næstu þremur spurningum var ætlað að mæla afstöðu til þess hversu gott eða slæmt það gerði fyrir íslenskt samfélag að fólk frá öðrum löndum flyttust hingað og voru þessar spurningar einnig hluti af *European Social Survey*, bæði á Íslandi árið 2005 og í 22 öðrum ríkjum árið 2002. Fyrst var spurt hvort að svarendur teldu það gott eða slæmt fyrir efnahag Íslands að fólk frá öðrum löndum flytjist hingað, næst hvort það grafi undan eða auðgi íslensk menningarlíf og að lokum hvort það geri Ísland að betri eða verri stað að búa á.

Í þriðja hluta könnunarinnar voru lagðar fyrir sömu sex spurningar og Kristín Loftsdóttir lagði fyrir árið 2003 um afstöðu til hugtaksins kynþáttur sem var fjallað um hér í inngangi. Í þessum sex spurningum var fólk beðið um að svara því hversu sammála eða ósammála það væri staðhæfingunum um að fólk af ólíkum kynþáttur hafi mismunandi líkamlega getu, hvort það hafi mismunandi greindarfar, hvort að menning sé mismunandi vegna þess að kynþættir eru ólíkir, hvort að hugtakið sé gagnleg aðferð til að flokka fólk eftir útliti, hvort það sé vísindaleg flokkunaraðferð og að lokum hvort það vísi í úrelta flokkun sem á sér ekki vísindalegar stöðir.

Fjórði hluti könnunar var um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. Fyrst var spurt hvort að það væri betra að innflytjendur viðhaldi sínum sérstöku siðum eða að þeir geri það ekki, heldur tileinki sér siði þess lands sem þeir flytja til. Þessi spurning var einnig lögð fyrir í lífsgildakönnun á Íslandi og í 32 öðrum ríkjum árið 1999 og eru borin saman við svör Íslendinga árið 2008. Önnur spurning í þessum hluta var um hvenær fólk taldi að innflytjendur ættu að öðlast sama rétt og aðrir til velferðarþjónustu á Íslandi og í framhaldi af því hvort það skiptir litlu eða miklu máli að fólk í hjónabandi væri af sama þjóðerni. Fjórða spurning var endurtekning á spurningu úr kosningarannsókn Ólafs Þ. Harðarsonar eftir Alþingiskosningar árið 2007 og þar sem spurt var um hvort að innflytjendur væru alvarleg ógn við þjóðareinkenni Íslendinga. Að lokum var spurt hversu litlu eða miklu máli að það skipti að bæta lífskjör útlendinga á Íslandi.

Næstu fjórar spurningar voru um afstöðu íslenskra ríkisborgara til innflytjenda á vinnumarkaði. Svarendur voru beðnir um að segja hversu sammála eða ósammála því að þegar atvinna er af skornum skammti eiga atvinnurekendur að ráða Íslendinga í vinnu frekar en aðra, hvort að innflytjendur væru í samkeppni við Íslendinga um störf á íslenskum vinnumarkaði, hvort að fjölgun innflytjenda eða farandverkamanna á Íslandi lækki almennt meðallaun á Íslandi og hvort að fjölgun þeirra lækki meðallaun í þeim atvinnugreinum sem þeir starfa í á Íslandi.

Í ljósi umræðu um fordóma og um fjölmiðlaumfjöllun um afbrot útlendinga á Íslandi, um hvort taka eigi fram þjóðerni þeirra sem eru handteknir eða liggja undir grun um afbrot, var ákveðið að reyna að leggja mat á viðhorf svarenda til þessa tveggja. Næstu tvær spurningar voru því annars vegar hvort að svarendur teldu Íslendinga vera almennt fordómalausari gagnvart innflytjendum heldur en aðrar Evrópuþjóðir og annars vegar hvort þeir teldu að innflytjendur væru líklegri eða ólíklegri heldur en Íslendingar til að fremja afbrot.

Talið var mikilvægt að spyrja um hvort svarendur væru í reglulegum samskiptum við eina eða fleiri manneskju af erlendum uppruna og hefur flust til Íslands og í framhaldi af því hvernig þeir tengdust viðkomandi og frá hvaða landi þeir væru og lagðar fyrir þrjár spurningar um það.

Að lokum voru svarendur spurðir um hvaða menntun þeir væru með, í hvaða starfi, hjúskaparstöðu, tekjur og hvaða stjórnmalaflokk þeir myndu kjósa ef gengið yrði til Alþingiskosninga og þessar spurningar notaðar ásamt upplýsingum um kyn, aldur og búsetu úr úrtaki til að greina svör við spurningum um viðhorf til innflytjenda og kynþáttahyggju.

Í þessari skýrslu eru setta fram fyrstu niðurstöður, þar sem ætlunin er í framhaldinu að vinna frekari greiningu á gögnunum og birta greinar með helstu niðurstöðum. Gerð voru viðeigandi marktæktarpróf í greiningartöflum, *kíkvaðrat* eða *t-próf*. Ef að marktækur munur var miðað við $p < 0,001$ er það auðkennt með þremur stjörnum (***) , $p < 0,001$ auðkennt með tveimur stjörnum (**), $p < 0,05$ auðkennt með einni stjörnu (*) og $p < 0,1$ auðkennt með plúsmerki (+).

Niðurstöður úr könnun

Hversu mörgum innflytjendum á að hleypa landsins?


Fyrstu fjórar spurningarnar í könnuninni voru um hversu mörgum ætti að leyfa að flytja til Íslands, þar sem fyrst var spurt um þá sem eru af sama kynþætti eða hafa svipaðan menningarlegan uppruna og flestir Íslendingar, svo um þá sem eru af ólíkum menningarlegum uppruna, næst um þá sem koma frá fátækari löndum utan Evrópu og að lokum um þá sem koma frá fátækari löndum innan Evrópu.

Það skiptist nokkurn vegin jafnt hversu margir segja að leyfa eigi mörgum eða nokkrum að flytja til Íslands, eða um rétt tæp 40% hvort (sjá töflu 3). Það voru rétt tæp 3% sem sögðu að það ætti ekki að leyfa neinum að flytja til Íslands og 19,0% sem segja að það eigi einungis að leyfa fáeinum.

Tafla 2. Að hvaða marki ætti að leyfa fólki sem er af sama kynþætti eða hefur svipaðan menningarlegan uppruna og flestir Íslendingar að flytjast hingað til lands? 2008.

	Fjöldi	Hlutfall svara	Hlutfall allra
Leyfa mörgum að flytjast hingað	210	39,5%	37,4%
Leyfa nokkrum	205	38,6%	36,5%
Leyfa fáeinum	101	19,0%	18,0%
Leyfa engum	15	2,8%	2,7%
Samtals	531	100%	
Veit ekki	25		4,4%
Neitar að svara	6		1,1%
Samtals	562		100%

Þegar þessar niðurstöður eru bornar saman við sömu spurningu sem var lögð fyrir í ESS könnun Félagsvísindastofnunar árið 2005 má sjá að hlutfallslega færri segja árið 2008 að það eigi að leyfa mörgum eða nokkrum að flytja til landsins heldur en 2005 og jafnframt fleiri sem segja að það eigi að leyfa fáeinum eða engum (sjá mynd 1).



Mynd 1. Að hvaða marki ætti að leyfa fólki sem er af sama kynþætti eða hefur svipaðan menningarlegan uppruna og flestir Íslendingar að flytjast hingað til lands? Samanburður á milli 2005 og 2008.

Í töflu 3 má sjá greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og hvaða stjórnmálaflokk viðkomandi myndi kjósa ef að gengið yrði til Alþingiskosning á svörum við því hversu mörgum af sama kynþætti eða svipuðum menningarlegum uppruna ætti að leyfa að flytja til landsins. Helstu niðurstöður eru að það er munur eftir kyni og menntun fólks. Konur vildu frekar leyfa mörgum eða nokkrum að flytja til Íslands samanborið við karla og þeir sem eru með háskólapróf töldu frekar að það ætti að leyfa mörgum að flytja til landsins heldur en þeir sem eru með framhaldsskólapróf eða grunnskólapróf.

Tafla 3. Að hvaða marki ætti að leyfa fólki sem er af sama kynþætti eða hefur svipaðan menningarlegan uppruna og flestir Íslendingar að flytjast hingað til lands? Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmálaflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.

	Leyfa mörgum að	Leyfa nokkrum	Leyfa fáeinum	Leyfa engum	Fjöldi
Allir:	39,5%	38,6%	19,0%	2,8%	531
<i>Kyn: *</i>					
Karlar	38,3%	35,7%	23,8%	2,2%	269
Konur	40,8%	41,6%	14,1%	3,4%	262
<i>Aldur:</i>					
18 - 25 ára	19,4%	56,5%	22,6%	1,6%	62
26 - 35 ára	41,5%	42,6%	14,9%	1,1%	94
36 - 45 ára	47,6%	39,5%	12,1%	0,8%	124
46 - 55 ára	45,4%	23,5%	24,4%	6,7%	119
56 - 65 ára	35,2%	38,5%	25,3%	1,1%	91
66 ára og eldri	34,1%	43,9%	14,6%	7,3%	41
<i>Búseta:</i>					
Höfuðborgarsvæði	39,0%	39,6%	19,2%	2,2%	323
Utan höfuðborgarsvæðis	40,4%	37,0%	18,8%	3,8%	208
<i>Hjúskaparstaða:</i>					
Gift / kvæntur, í sambúð	40,5%	38,9%	17,7%	2,9%	378
Fráskilin(n)	40,7%	40,7%	18,5%	-	27
Einhleyp(ur) / hef(ur) aldrei verið í hjónabandi eða staðfestri sambúð	37,2%	39,8%	20,4%	2,7%	113
<i>Tekjur:</i>					
100.000 eða minna	30,6%	52,8%	13,9%	2,8%	36
101.000 - 200.000	28,9%	42,1%	21,1%	7,9%	76
201.000 - 300.000	40,0%	36,7%	22,2%	1,1%	90
301.000 - 400.000	50,0%	33,7%	16,3%	-	86
401.000 - 500.000	40,8%	42,9%	16,3%	-	49
501.000 - 750.000	38,5%	33,3%	17,9%	10,3%	39
751.000 eða meira	55,0%	25,0%	20,0%	-	20
<i>Menntun: ***</i>					
Grunnskóla	29,2%	42,7%	24,0%	4,1%	171
Framhaldsskóla	39,6%	38,6%	18,8%	3,0%	197
Háskóla	53,4%	35,1%	10,8%	0,7%	148
<i>Starf:</i>					
Kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn, sérfræðingar	54,5%	31,7%	12,9%	1,0%	101
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	40,6%	40,6%	17,4%	1,4%	69
Skrifstofufólk	49,0%	35,3%	15,7%	-	51
Þjónustu- sölu - og afgreiðslufólk	29,8%	55,3%	10,6%	4,3%	94
Bændur og sjómenn	26,7%	53,3%	20,0%	-	15
Iðnaðarmenn og sérhæft starfsfólk við iðnað, véla- og vélgæslufólk	32,1%	28,4%	33,3%	6,2%	81
Ósérhæft starfsfólk	32,5%	32,5%	32,5%	2,5%	40
<i>Stjórnmálaflokkur kosinn</i>					
Framsóknarflokkinn (B)	27,6%	44,8%	20,7%	6,9%	29
Sjálfstæðisflokkinn (D)	42,4%	34,1%	20,0%	3,5%	85
Samfylkinguna (S)	48,0%	32,0%	20,0%	-	100
Vinstri hreyfinguna grænt framboð (U)	50,0%	38,9%	11,1%	-	54
Frjálslynda flokkinn (F)	18,8%	31,3%	37,5%	12,5%	16

Tafla 4. Að hvaða marki ætti að leyfa fólki af öðrum kynþætti eða menningarlegum uppruna en flestir heimamenn að flytjast til landsins? Samanburður á milli 23 Evrópuríkja.


	Leyfa mörgum að flytjast hingað	Leyfa nokkrum	Leyfa fáeinum	Leyfa engum	Fjöldi
Ísland 2008	39,5%	38,6%	19,0%	2,8%	531
Ísland 2005	49,5%	40,8%	8,8%	1,0%	400
<i>Önnur Evrópuríki 2002:</i>					
Ísreal	56,5%	23,3%	10,9%	9,3%	2306
Svíþjóð	30,4%	58,3%	9,9%	1,4%	1912
Írland	22,9%	55,3%	18,1%	3,7%	1969
Ítalía	22,7%	47,8%	21,9%	7,6%	1142
Ungverjaland	21,2%	28,2%	42,3%	8,3%	1561
Danmörk	20,9%	54,0%	23,9%	1,2%	1421
Sviss	20,4%	60,1%	18,7%	0,9%	1950
Spánn	19,8%	35,7%	38,1%	6,4%	1558
Noregur	19,7%	52,2%	26,0%	2,2%	2019
Þýskaland	19,1%	53,3%	23,8%	3,8%	2848
Lúxemborg	18,3%	38,2%	36,0%	7,5%	1391
Belgía	14,7%	53,5%	23,3%	8,4%	1838
Finnland	13,7%	44,5%	38,6%	3,2%	1950
Pólland	13,5%	54,3%	28,1%	4,1%	1967
Slóvenía	11,2%	54,6%	27,1%	7,1%	1452
Austurríki	10,8%	32,8%	49,3%	7,1%	2084
Bretland	10,8%	53,2%	27,5%	8,6%	2014
Frakkland	10,0%	53,5%	29,6%	6,9%	1436
Grikkland	9,9%	19,7%	55,3%	15,1%	2484
Tékkland	9,4%	45,4%	37,9%	7,3%	1295
Holland	7,9%	55,4%	31,0%	5,7%	2303
Portúgal	6,2%	38,2%	37,5%	18,1%	1417
Samtals	18,1%	45,8%	29,6%	6,4%	40317

Sama spurning var lögð lögð fyrir í ESS (*European Social Survey*) könnuninni í 22 ríkjum árið 2002. Hlutfallslega flestir Ísraelsmenn segja að það eigi að leyfa mörgum af sama kynþætti eða svipuðum menningarlegum uppruna að flytjast til landsins eða 56,5% og fylgja Íslendingar þar fast á eftir árið 2005 (49,5%) og einnig árið 2008 (39,5%) (sjá töflu 4).

Tafla 5. Að hvaða marki ætti að leyfa fólki af öðrum kynþætti eða menningarlegum uppruna en flestir Íslendingar að flytjast hingað til lands? 2008.

	Fjöldi	Hlutfall svara	Hlutfall allra
Leyfa mörgum að flytjast hingað	142	26,3%	25,3%
Leyfa nokkrum	184	34,1%	32,7%
Leyfa fáum	168	31,2%	29,9%
Leyfa engum	45	8,3%	8,0%
Samtals	539	100%	
Veit ekki	18		3,2%
Neitar að svara	5		0,9%
Samtals	562		100%

Þegar spurt var hversu mörgum ætti að leyfa að flytja til Íslands sem væru af öðrum kynþætti eða menningarlegum uppruna, sögðu 26,3% að leyfa ætti mörgum, 34,1% að leyfa nokkrum, 31,2% að leyfa fáum og 8,3% að leyfa engum (sjá töflu 5). Síðan árið 2005 hefur orðið hlutfallsleg fækkun meðal þeirra sem segja að það eigi að leyfa mörgum eða nokkrum, þar sem 30,1% sögðu árið 2005 að leyfa ætti mörgum og 36,3% að leyfa ætti nokkrum samanborið við 26,3% og 34,1% sambærilegra svara árið 2008 (sjá mynd 2).



Mynd 2 Að hvaða marki ætti að leyfa fólki af öðrum kynþætti eða menningarlegum uppruna en flestir Íslendingar að flytjast hingað til lands? Samanburður á milli 2005 og 2008.

Tafla 6. Að hvaða marki ætti að leyfa fólki af öðrum kynþætti eða menningarlegum uppruna en flestir Íslendingar að flytjast hingað til lands? Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmálaflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.

	Leyfa mörgum að	Leyfa nokkrum	Leyfa fáum	Leyfa engum	Fjöldi
Allir:	26,3%	34,1%	31,2%	8,3%	539
<i>Kyn: +</i>					
Karlar	24,1%	31,1%	34,4%	10,4%	270
Konur	28,6%	37,2%	27,9%	6,3%	269
<i>Aldur: **</i>					
18 - 25 ára	17,5%	49,2%	31,7%	1,6%	63
26 - 35 ára	29,5%	38,9%	30,5%	1,1%	95
36 - 45 ára	32,0%	34,4%	24,0%	9,6%	125
46 - 55 ára	30,1%	27,6%	30,1%	12,2%	123
56 - 65 ára	18,5%	29,3%	41,3%	10,9%	92
66 ára og eldri	22,0%	29,3%	34,1%	14,6%	41
<i>Búseta:</i>					
Höfuðborgarsvæði	25,2%	36,9%	30,8%	7,1%	325
Utan höfuðborgarsvæðis	28,0%	29,9%	31,8%	10,3%	214
<i>Hjúskaparstaða:</i>					
Gift / kvæntur, í sambúð	26,5%	33,6%	31,2%	8,7%	381
Fráskilin(n)	25,9%	40,7%	25,9%	7,4%	27
Einhleyp(ur) / hef(ur) aldrei verið í hjónabandi eða staðfestri sambúð	25,6%	36,8%	29,9%	7,7%	117
<i>Tekjur:</i>					
100.000 eða minna	19,4%	41,7%	30,6%	8,3%	36
101.000 - 200.000	19,0%	40,5%	30,4%	10,1%	79
201.000 - 300.000	24,2%	35,2%	33,0%	7,7%	91
301.000 - 400.000	30,6%	36,5%	27,1%	5,9%	85
401.000 - 500.000	32,7%	30,6%	28,6%	8,2%	49
501.000 - 750.000	28,2%	28,2%	33,3%	10,3%	39
751.000 eða meira	27,8%	27,8%	33,3%	11,1%	18
<i>Menntun: ***</i>					
Grunnskóla	14,8%	38,1%	35,2%	11,9%	176
Framhaldsskóla	26,9%	33,5%	29,9%	9,6%	197
Háskóla	39,6%	30,9%	26,8%	2,7%	149
<i>Starf: ***</i>					
Kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn, sérfræðingar	37,4%	32,3%	26,3%	4,0%	99
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	31,9%	30,4%	34,8%	2,9%	69
Skrifstofufólk	28,3%	35,8%	28,3%	7,5%	53
Þjónustu- sölu - og afgreiðslufólk	20,8%	43,8%	28,1%	7,3%	96
Bændur og sjómenn	20,0%	53,3%	20,0%	6,7%	15
Iðnaðarmenn og sérhæft starfsfólk við iðnað, véla- og vélgæslufólk	19,0%	21,4%	40,5%	19,0%	84
Ósérhæft starfsfólk	14,6%	41,5%	29,3%	14,6%	41
<i>Stjórnmálaflokkur kosinn: ***</i>					
Framsóknarflokkinn (B)	13,3%	26,7%	36,7%	23,3%	30
Sjálfstæðisflokkinn (D)	27,1%	23,5%	42,4%	7,1%	85
Samfylkinguna (S)	33,3%	32,4%	30,4%	3,9%	102
Vinstri hreyfinguna grænt framboð (U)	39,3%	39,3%	16,1%	5,4%	56
Frjálslynda flokkinn (F)	6,3%	31,3%	25,0%	37,5%	16

Munur var á afstöðu fólks á því hversu mörgum af öðrum kynþætti eða menningarlegum uppruna ætti að leyfa að flytjast til Íslands, eftir kyni, aldri, menntun, starfi og stjórnmálaflokki kosinn (sjá töflu 6).

Karlarnir voru frekar á því að leyfa ætti engum eða fáum af ólíkum kynþætti eða öðrum menningarlegum uppruna en flestir Íslendingar að flytjast til landsins, samanborið við konur. Tæp 45% karla sögðu að leyfa ætti engum eða fáum að flytjast til Íslands á móti 34,2% kvenna. Eldra fólk sagði frekar að ekki ætti að leyfa neinum að flytja til Íslands þar sem 14,6% þeirra sem eru 66 ára á aldri völdu þann svarkost á móti 2% þeirra sem voru á aldrinum 18 til 35.

Þegar munur eftir menntun er skoðaður má sjá að þeir sem hafa meiri menntun eru frekar á því að leyfa eigi mörgum að flytjast til Íslands, þar sem 39,6% háskólamenntaðra segja að leyfa eigi mörgum á móti 26,9% þeirra sem eru með framhaldsskólamenntun og 14,8% þeirra sem eru með grunnskólamenntun.

Tæknar og sérmenntað starfsfólk	25,8%	43,9%	7,6%	13,6%	9,1%	66
Skrifstofufólk	24,0%	42,0%	4,0%	22,0%	8,0%	50
þjónustu- sölu - og afgreiðslufólk	19,3%	52,3%	5,7%	19,3%	3,4%	88
Bændur og sjómenn	21,4%	42,9%	-	14,3%	21,4%	14
Iðnaðarmenn og sérhæft starfsfólk við iðnað, véla- og vélgæslufólk	41,7%	28,6%	9,5%	13,1%	7,1%	84
Ósérhæft starfsfólk	44,7%	34,2%	7,9%	7,9%	5,3%	38
<i>Stjórnmálaflokkur kosinn:</i>						
Framsóknarflokkinn (B)	37,9%	34,5%	6,9%	13,8%	6,9%	29
Sjálfstæðisflokkinn (D)	30,5%	45,1%	6,1%	12,2%	6,1%	82
Samfylkinguna (S)	31,0%	29,0%	11,0%	22,0%	7,0%	100
Vinstri hreyfinguna grænt framboð (U)	14,6%	43,8%	6,3%	25,0%	10,4%	48
Frjálslynda flokkinn (F)	62,5%	18,8%	6,3%	6,3%	6,3%	16

Fordómar gagnvart innflytjendum

Lögð var fyrir ein spurning um fordóma, sem var hvort að svarendur teldu að Íslendingar væru almennt fordómalausari gagnvart innflytjendum heldur en aðrar Evrópuþjóðir. Einungis tæplega 6% voru sammála þeirri staðhæfingu að Íslendingar væru almennt fordómalausari gagnvart innflytjendum heldur en aðrar Evrópuþjóðir (sjá töflu 53). Samtals var um fimmtungur mjög eða frekar sammála staðhæfingu og um 65% mjög eða frekar ósammála (sjá mynd 21).

Tafla 53. Íslendingar eru almennt fordómalausari gagnvart innflytjendum heldur en aðrar Evrópuþjóðir. 2008.

	Fjöldi	Hlutfall svara	Hlutfall allra
Mjög sammála	28	5,8%	5,0%
Frekar sammála	71	14,7%	12,6%
Hvorki sammála né ósammála	68	14,0%	12,1%
Frekar ósammála	201	41,5%	35,8%
Mjög ósammála	116	24,0%	20,6%
Samtals	484	100%	
Veit ekki	62		11,0%
Neitar að svara	16		2,8%
Samtals	562		100%



Mynd 21. Íslendingar eru almennt fordómalausari gagnvart innflytjendum heldur en aðrar Evrópuþjóðir. 2008.

Tafla 54. Íslendingar eru almennt fordómalausari gagnvart innflytjendum heldur en aðrar Evrópuþjóðir. Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmálaflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Fjöldi
Allir:	5,8%	14,7%	14,0%	41,5%	24,0%	484
<i>Kyn:</i>						
Karlar	5,4%	16,3%	12,6%	39,7%	25,9%	239
Konur	6,1%	13,1%	15,5%	43,3%	22,0%	245
<i>Aldur: **</i>						
18 - 25 ára	1,7%	8,6%	13,8%	53,4%	22,4%	58
26 - 35 ára	2,4%	16,7%	15,5%	48,8%	16,7%	84
36 - 45 ára	5,2%	13,0%	10,4%	47,8%	23,5%	115
46 - 55 ára	5,4%	14,3%	12,5%	36,6%	31,3%	112
56 - 65 ára	14,8%	17,3%	22,2%	24,7%	21,0%	81
66 ára og eldri	2,9%	20,6%	8,8%	38,2%	29,4%	34
<i>Búseta: *</i>						
Höfuðborgarsvæði	4,7%	13,0%	11,7%	45,0%	25,7%	300
Utan höfuðborgarsvæðis	7,6%	17,4%	17,9%	35,9%	21,2%	184
<i>Hjúskaparstaða:</i>						
Gift / kvæntur, í sambúð	6,9%	14,4%	15,5%	36,2%	27,0%	348
Fráskilin(n)	4,0%	24,0%	4,0%	44,0%	24,0%	25
Einhleyp(ur) / hef(ur) aldrei verið í hjónabandi eða staðfestri sambúð	1,9%	13,3%	11,4%	59,0%	14,3%	105
<i>Tekjur:</i>						
100.000 eða minna	11,1%	13,9%	11,1%	47,2%	16,7%	36
101.000 - 200.000	1,6%	22,2%	14,3%	41,3%	20,6%	63
201.000 - 300.000	5,7%	17,2%	19,5%	35,6%	21,8%	87
301.000 - 400.000	6,0%	13,1%	8,3%	48,8%	23,8%	84
401.000 - 500.000	4,3%	15,2%	13,0%	43,5%	23,9%	46
501.000 - 750.000	3,0%	15,2%	15,2%	36,4%	30,3%	33
751.000 eða meira	10,5%	26,3%	10,5%	26,3%	26,3%	19
<i>Menntun:</i>						
Grunnskóla	9,1%	13,0%	15,6%	40,9%	21,4%	154
Framhaldsskóla	6,7%	15,0%	14,4%	43,9%	20,0%	180
Háskóla	1,4%	16,3%	12,1%	40,4%	29,8%	141
<i>Starf:</i>						
sérfræðingar	2,1%	11,5%	13,5%	44,8%	28,1%	96
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	3,3%	16,4%	13,1%	42,6%	24,6%	61
Skrifstofufólk	8,5%	14,9%	14,9%	40,4%	21,3%	47
Þjónustu- sölu - og afgreiðslufólk	6,6%	19,8%	13,2%	37,4%	23,1%	91
Bændur og sjómenn	-	15,4%	23,1%	30,8%	30,8%	13
Iðnaðarmenn og sérhæft starfsfólk við iðnað, véla- og vélgæslufólk	10,7%	13,3%	14,7%	36,0%	25,3%	75
Ósérhæft starfsfólk	3,0%	6,1%	21,2%	42,4%	27,3%	33
<i>Stjórnmálaflokkur kosinn:</i>						
Framsóknarflokkinn (B)	12,0%	20,0%	16,0%	32,0%	20,0%	25
Sjálfstæðisflokkinn (D)	5,3%	12,0%	17,3%	48,0%	17,3%	75
Samfylkinguna (S)	4,0%	14,0%	14,0%	39,0%	29,0%	100
Vinstri hreyfinguna grænt framboð (U)	3,5%	21,1%	10,5%	36,8%	28,1%	57
Frjálslynda flokkinn (F)	6,7%	20,0%	6,7%	33,3%	33,3%	15

Munur er á svörum eftir aldri og búsetu við því hvort að Íslendingar séu almennt taldir fordómalausari (sjá töflu 54). Þeir sem eru aldrinum 56 til 65 ára eru helst sammála því að Íslendingar séu fordómalausari og 70% þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu eru mjög eða frekar ósammála samanborið við 57,1% þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðis.


Eru innflytjendur taldir líklegri til að fremja afbrot?

Næsta spurning var um hvort að svarendur teldu innflytjendur vera líklegri að ólíklegri heldur en Íslendingar til að fremja afbrot. Í ljósi umræðu um fjölmiðlaumfjöllun ætti þessi spurning að gefa vísbindingu um hvert viðhorf Íslendinga er. Þó er ekki hægt að nota niðurstöður úr þessarri spurningu til að greina tengingu við umfjöllun fjölmiðla við viðhorf Íslendinga.

Tafla 55. Telur þú að innflytjendur séu líklegri eða ólíklegri heldur en Íslendingar til að fremja afbrot? 2008.

	Fjöldi	Hlutfall svara	Hlutfall allra
Mun líklegri	63	12,0%	11,2%
Frekar líklegri	124	23,7%	22,1%
Hvorki líklegri né ólíklegri / enginn munur	288	55,1%	51,2%
Frekar ólíklegri	35	6,7%	6,2%
Mjög ólíklegri	13	2,5%	2,3%
Samtals	523	100%	
Veit ekki	20		3,6%
Neitar að svara	19		3,4%
Samtals	562		100%

Meira en helmingur svarenda eða 55,1% svarenda telja að innflytjendur séu hvorki líklegri né ólíklegri en Íslendingar til að fremja afbrot (sjá töflu 55). Af þeim sem taka afstöðu telja 35,8% að innflytjendur séu mjög eða frekar líklegri til að fremja afbrot samanborið við 9,2% sem segja þá vera ólíklegri til þess (sjá mynd 22).



Mynd 22. Telur þú að innflytjendur séu líklegri eða ólíklegri heldur en Íslendingar til að fremja afbrot? 2008.

Munur er á afstöðu til svarenda til þess hvort að þeir telji innflytjendur vera líklegri eða ólíklegri heldur en Íslendingar til að fremja afbrot eftir menntun (sjá töflu 56

Tafla 56). Þeir sem eru háskólamenntaðir voru síst á því að innflytjendur væru líklegri til að fremja afbrot, þar sem tæpur fjórðungur sagði þá vera mjög eða frekar líklega, á móti tæpum 34% þeirra sem eru með framhaldsskólapróf og rúmum 46% þeirra sem eru með grunnskólapróf.

Tafla 56. Telur þú að innflytjendur séu líklegri eða ólíklegri heldur en Íslendingar til að fremja afbrot? Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmálaflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.

	Mun líklegri	Frekar líklegri	Hvorki né	Frekar ólíklegri	Mjög ólíklegri	Fjöldi
Allir:	12,0%	23,7%	55,1%	6,7%	2,5%	523
<i>Kyn:</i>						
Karlar	15,3%	23,5%	51,5%	6,7%	3,0%	268
Konur	8,6%	23,9%	58,8%	6,7%	2,0%	255
<i>Aldur:</i>						
18 - 25 ára	7,8%	34,4%	48,4%	4,7%	4,7%	64
26 - 35 ára	8,9%	22,2%	57,8%	8,9%	2,2%	90
36 - 45 ára	12,3%	18,0%	62,3%	7,4%	-	122
46 - 55 ára	15,1%	18,5%	57,1%	5,0%	4,2%	119
56 - 65 ára	11,2%	33,7%	46,1%	9,0%	-	89
66 ára og eldri	17,9%	20,5%	51,3%	2,6%	7,7%	39
<i>Búseta:</i>						
Höfuðborgarsvæði	11,0%	22,7%	56,2%	7,6%	2,5%	317
Utan höfuðborgarsvæðis	13,6%	25,2%	53,4%	5,3%	2,4%	206
<i>Hjúskaparstaða:</i>						
Gift / kvæntur, í sambúð	12,9%	23,7%	55,3%	6,2%	1,9%	371
Fráskilin(n)	6,9%	24,1%	51,7%	13,8%	3,4%	29
Einhleyp(ur) / hef(ur) aldrei verið í hjónabandi eða staðfestri sambúð	10,3%	24,1%	54,3%	6,9%	4,3%	116
<i>Tekjur:</i>						
100.000 eða minna	11,4%	28,6%	51,4%	2,9%	5,7%	35
101.000 - 200.000	11,8%	27,6%	51,3%	6,6%	2,6%	76
201.000 - 300.000	8,8%	27,5%	53,8%	8,8%	1,1%	91
301.000 - 400.000	11,9%	15,5%	60,7%	10,7%	1,2%	84
401.000 - 500.000	13,7%	13,7%	62,7%	3,9%	5,9%	51
501.000 - 750.000	19,4%	19,4%	58,3%	-	2,8%	36
751.000 eða meira	5,0%	25,0%	60,0%	5,0%	5,0%	20
<i>Menntun: **</i>						
Grunnskóla	17,5%	28,7%	45,6%	5,8%	2,3%	171
Framhaldsskóla	12,6%	21,2%	57,6%	6,6%	2,0%	198
Háskóla	4,1%	20,4%	64,6%	7,5%	3,4%	147
<i>Starf:</i>						
Kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn, sérfræðingar	5,2%	22,7%	60,8%	10,3%	1,0%	97
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	7,5%	20,9%	61,2%	4,5%	6,0%	67
Skrifstofufólk	5,9%	21,6%	68,6%	3,9%	-	51
Þjónustu- sölu - og afgreiðslufólk	8,2%	26,8%	56,7%	6,2%	2,1%	97
Bændur og sjómenn	-	33,3%	53,3%	6,7%	6,7%	15
Iðnaðarmenn og sérhæft starfsfólk við iðnað, véla- og vélgæslufólk	28,2%	20,0%	42,4%	7,1%	2,4%	85
Ósérhæft starfsfólk	18,4%	10,5%	60,5%	5,3%	5,3%	38
<i>Stjórnmálaflokkur kosinn:</i>						
Framsóknarflokkinn (B)	21,4%	17,9%	57,1%	-	3,6%	28
Sjálfstæðisflokkinn (D)	12,2%	37,8%	46,3%	3,7%	-	82
Samfylkinguna (S)	11,0%	23,0%	55,0%	9,0%	2,0%	100
Vinstri hreyfinguna grænt framboð (U)	7,1%	14,3%	60,7%	8,9%	8,9%	56
Frjálslynda flokkinn (F)	47,1%	17,6%	35,3%	-	-	17

Tengsl Íslendinga við innflytjendur

Í lokin var spurt hvort að viðkomandi væri í reglulegum samskiptum við eina eða fleiri manneskju af erlendum uppruna og hefur flutt til Íslands og í framhaldi af því hvernig þessi/r aðilar tengdust svarenda og frá hvaða landi þeir væru upprunalega.

Tafla 57. Ert þú í reglulegum samskiptum við eina eða fleiri manneskju sem er af erlendum uppruna og hefur flutt til Íslands? 2008.

	Fjöldi	Hlutfall svara	Hlutfall allra
Já	370	67,3%	65,8%
Nei	180	32,7%	32,0%
Samtals	550	100%	
Veit ekki	1		0,2%
Neitar að svara	11		2,0%
Samtals	562		100%

Um tveir þriðju eða 67,3% sögðust vera í reglulegum samskiptum við eina eða fleiri manneskju af erlendum uppruna og býr á Íslandi (sjá töflu 57). Munur var eftir aldri, búsetu og menntun á því hvort að fólk svaraði því játandi að vera í reglulegum samskiptum við aðila af erlendum uppruna hér á landi (sjá töflu 58). Fólk í tveimur yngstu aldurshópunum, 18 til 25 ára og 26 til 35 ára, auk elsta aldurshópsins, 65 ára og eldri voru líklegri til að svara spurningunni játandi (á bilinu 70% til 80%) samanborið við aðra aldurshópa. Höfuðborgarbúar voru líklegri til að segjast vera í reglulegum samskiptum við aðila af erlendum uppruna heldur en þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðis, eða 71,1% á móti 61,5%. Að lokum voru grunnskólamenntaðir síst líklegir til að svara spurningunni játandi, eða um 60% á móti 70% þeirra sem eru með framhalds- eða háskólamenntun.


Tafla 58. Ert þú í reglulegum samskiptum við eina eða fleiri manneskju sem er af erlendum uppruna og hefur flutt til Íslands? Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmálaflokkum kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.

	Já	Nei	Fjöldi
Allir:	67,3%	32,7%	550
<i>Kyn:</i>			
Karlar	65,6%	34,4%	276
Konur	69,0%	31,0%	274
<i>Aldur: *</i>			
18 - 25 ára	70,8%	29,2%	65
26 - 35 ára	80,2%	19,8%	96
36 - 45 ára	67,4%	32,6%	129
46 - 55 ára	60,3%	39,7%	126
56 - 65 ára	58,5%	41,5%	94
66 ára og eldri	72,5%	27,5%	40
<i>Búseta: *</i>			
Höfuðborgarsvæði	71,1%	28,9%	332
Utan höfuðborgarsvæðis	61,5%	38,5%	218
<i>Hjúskaparstaða:</i>			
Gift / kvæntur, í sambúð	67,8%	32,2%	397
Fráskilin(n)	58,6%	41,4%	29
Einhleyp(ur) / hef(ur) aldrei verið í hjónabandi eða staðfestri sambúð	69,8%	30,2%	116
<i>Tekjur:</i>			
100.000 eða minna	69,4%	30,6%	36
101.000 - 200.000	64,6%	35,4%	82
201.000 - 300.000	69,1%	30,9%	94
301.000 - 400.000	72,7%	27,3%	88
401.000 - 500.000	61,5%	38,5%	52
501.000 - 750.000	79,5%	20,5%	39
751.000 eða meira	70,0%	30,0%	20
<i>Menntun: +</i>			
Grunnskóla	61,1%	38,9%	180
Framhaldsskóla	70,2%	29,8%	205
Háskóla	70,8%	29,2%	154
<i>Starf:</i>			
Kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn, sérfræðingar	73,1%	26,9%	104
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	75,4%	24,6%	69
Skrifstofufólk	57,4%	42,6%	54
Þjónustu- sölu - og afgreiðslufólk	74,0%	26,0%	100
Bændur og sjómenn	62,5%	37,5%	16
Iðnaðarmenn og sérhæft starfsfólk við iðnað, véla- og vélgæslufólk	65,2%	34,8%	89
Ósérhæft starfsfólk	59,5%	40,5%	42
<i>Stjórnmálaflokkur kosinn:</i>			
Framsóknarflokkinn (B)	60,0%	40,0%	30
Sjálfstæðisflokkinn (D)	64,0%	36,0%	86
Samfylkinguna (S)	66,7%	33,3%	105
Vinstri hreyfinguna grænt framboð (U)	73,7%	26,3%	57
Frjálslynda flokkinn (F)	76,5%	23,5%	17

Tafla 59. Hvernig tengist/tengjast þessir einstaklingur/ar þér? Merkt var við allt sem við átti. 2008.

	Fjöldi	Hlutfall svara	Hlutfall allra
Er í nánustu fjölskyldu	79	21,5%	21,3%
Náin vinur / vinkona	48	13,1%	12,9%
Kunningi	61	16,6%	16,4%
Samstarfsfélagi / í gegnum vinnuna / samnemandi	232	63,2%	62,5%
Með öðrum hætti	20	5,4%	5,4%
Alls	367	-	
Veit ekki	1		0,3%
Neitar að svara	3		0,8%
Alls	371		-

Langflestir sem sögðust sem vera í reglulegum samskiptum við aðila af erlendum uppruna sem býr á Íslandi, sögðu það vera samstarfsfélaga, í gegnum vinnuna eða samnemandi (sjá töflu 59 og mynd 23). Í ríflega 63% tilvika nefndu svarendur samstarfsfélaga, í gegnum vinna eða samnemenda, en þar á eftir voru nefndir nánir vinir eða um fjórðungur, 16,6% aðila voru í nánustu fjölskyldu, 13,1% kunningjar og að lokum 5,4% sem nefndu önnur tengsl.



Mynd 23. Hvernig tengist/tengjast þessir einstaklingur/ar þér? Merkt var við allt sem við átti. 2008.

Tafla 60. Hvernig tengist/tengjast þessir einstaklingur/ar þér? Merkt var við allt sem við átti. Greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmálaflokki kosinn ef gengið til Alþingiskosninga. 2008.


	Er í nánustu fjölskyldu	Náin vinur / vinkona	Kunningi	Samstarfsfélagi / i gegnum vinnuna / samnemandi	Með öðrum hætti	Fjöldi
Allir:	21,5%	13,1%	16,6%	63,2%	4,4%	367
Kyn:						
Karlar	15,6%	11,2%	16,8%	73,2%	2,8%	179
Konur	27,1%	14,9%	16,5%	53,7%	5,9%	188
Aldur:						
18 - 25 ára	17,4%	23,9%	30,4%	54,3%	-	46
26 - 35 ára	19,5%	16,9%	24,7%	58,4%	3,9%	77
36 - 45 ára	24,7%	7,1%	14,1%	63,5%	7,1%	85
46 - 55 ára	18,7%	12,0%	5,3%	77,3%	5,3%	75
56 - 65 ára	29,1%	7,3%	12,7%	58,2%	5,5%	55
66 ára og eldri	17,2%	17,2%	17,2%	62,1%	0,0%	29
Búseta:						
Höfuðborgarsvæði	23,2%	11,2%	15,0%	65,7%	3,0%	233
Utan höfuðborgarsvæðis	18,7%	16,4%	19,4%	59,0%	6,7%	134
Hjúskaparstaða:						
Gift / kvæntur, í sambúð	21,1%	10,2%	15,4%	66,2%	5,6%	266
Fráskilin(n)	29,4%	17,6%	17,6%	52,9%	-	17
Einhleyp(ur) / hef(ur) aldrei verið í hjónabandi eða staðfestri sambúð	21,0%	22,2%	21,0%	55,6%	1,2%	81
Tekjur:						
100.000 eða minna	20,0%	16,0%	32,0%	36,0%	-	25
101.000 - 200.000	22,6%	20,8%	17,0%	54,7%	1,9%	53
201.000 - 300.000	19,0%	14,3%	14,3%	77,8%	7,9%	63
301.000 - 400.000	26,6%	4,7%	15,6%	57,8%	6,3%	64
401.000 - 500.000	21,9%	12,5%	12,5%	65,6%	3,1%	32
501.000 - 750.000	25,8%	6,5%	16,1%	71,0%	-	31
751.000 eða meira	0,0%	6,7%	13,3%	86,7%	-	15
Menntun:						
Grunnskóla	22,7%	17,3%	13,6%	59,1%	3,6%	110
Framhaldsskóla	18,1%	12,5%	19,4%	66,0%	3,5%	144
Háskóla	24,5%	10,4%	17,0%	62,3%	6,6%	106
Starf:						
Kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn, sérfræðingar	17,3%	10,7%	14,7%	65,3%	6,7%	75
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	21,6%	5,9%	19,6%	68,6%	5,9%	51
Skrifstofufólk	25,8%	12,9%	25,8%	48,4%	-	31
Þjónustu- sölu - og afgreiðslufólk	26,0%	13,7%	11,0%	65,8%	4,1%	73
Bændur og sjómenn	50,0%	10,0%	20,0%	50,0%	10,0%	10
Iðnaðarmenn og sérhæft starfsfólk við iðnað, véla- og vélgæslufólk	15,8%	7,0%	8,8%	82,5%	5,3%	57
Ósérhæft starfsfólk	12,0%	12,0%	16,0%	84,0%	4,0%	25
Stjórnmálaflokkur kosinn:						
Framsóknarflokkinn (B)	22,2%	11,1%	5,6%	55,6%	22,2%	18
Sjálfstæðisflokkinn (D)	18,9%	11,3%	15,1%	71,7%	5,7%	53
Samfylkinguna (S)	13,9%	12,5%	19,4%	65,3%	2,8%	72
Vinstri hreyfinguna grænt framboð (U)	19,5%	26,8%	19,5%	48,8%	2,4%	41
Frjálslynda flokkinn (F)	23,1%	23,1%	15,4%	69,2%	-	13

Í töflu 60 má sjá greint eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og stjórnmalaflokki kosinn ef gengið yrði til Alþingiskosninga, með hvaða hætti erlendur aðili sem býr á Íslandi tengist svarenda. Þar sem hægt var að merkja við fleiri en einn svarmöguleika var ekki gert marktektarpróf. Sjá má að karlar nefna hlutfallslega oftast að þeir tengist aðila af erlendum uppruna samanborið við konur eða 73,2% karla á móti 53,7% kvenna. Einnig má sjá þegar svörin eru greind eftir starfi að hlutfallslega langflestir þeirra sem er í starfaflokkunum „iðnaðarmenn, sérhæft starfsfólk við iðnað, véla- og vélgæslufólk“ og „ósérhæft starfsfólk“ tengjast aðila af erlendum uppruna í gegnum vinnuna, eða rúmlega 80% á móti á bilinu 48,4% til 68,6% í hinum starfaflokkunum.

Þegar spurt var frá hvaða landi sá eða þeir erlendu aðilar sem viðkomandi var í reglulegum samskiptum við, var Pólland nefnt hlutfallslega oftast eða í 42,2% tilvika en þar á eftir kom Taíland sem einstakt land nefnt eða 11,4% (sjá töflu 61 og mynd 24).

Tafla 61. Frá hvaða landi er sá einstaklingur/einstaklingar sem þú ert í reglulegum samskiptum við? Merkt var við allt sem við átti. 2008.

	Fjöldi	Hlutfall svara
Afríka:	31	8,4%
Asía:		
Filipseyjar	36	9,8%
Taíland	42	11,4%
Önnur Asíuríki	54	14,7%
Ástralía:	5	1,4%
Evrópa:		
Danmörk	34	9,3%
Noregur	15	4,1%
Svíþjóð	18	4,9%
Önnur norðurlönd	7	1,9%
Lettland	14	3,8%
Litháen	36	9,8%
Pólland	155	42,2%
Önnur Austur Evrópuríki	42	11,4%
Balkanlöndin	31	8,4%
Bretland	25	6,8%
Frakkland	23	6,3%
Spánn	20	5,4%
Þýskaland	31	8,4%
Önnur Evrópuríki	80	21,8%
Norður Ameríka:		
Bandaríkin	24	6,5%
Önnur lönd í Norður Ameríku	12	3,3%
Suður Ameríka:	31	8,4%
Alls	367	-



Mynd 24. Frá hvaða landi er sá einstaklingur/einstaklingar sem þú ert í reglulegum samskiptum við? Merkt var við allt sem við átti. 2008.

Samandregnar niðurstöður

Í þeim gögnum þar sem til er samanburður á milli ára í spurningum lagðar fyrir á Íslandi og spurningum sem hafa verið lagðar fyrir í öðrum ríkjum má greina tvennt. Annars vegar virðist sem Íslendingar séu almennt jákvæðari í afstöðu sinni til innflytjenda en hins vegar virðist heldur hafa dregið úr þessarri jákvæðni síðustu ár. Í öllum þremur spurningum um hversu mörgum eða fáum innflytjendum ætti að hleypa til landsins sem voru lagðar fyrir árin 2005 og 2008, hefur orðið hlutfallsleg fækkun meðal þeirra sem segja að hleypa eigi mörgum til landsins og að sama skapi hlutfallsleg hækkun þeirra sem segja að það eigi að leyfa fáum. Á sama tíma eru Íslendingar í hópi þeirra ríkja þar sem hlutfallslega flestir segjast vilja hleypa mörgum inn í landið samanborið við svör úr sömu fjórum spurningum lagðar fyrir í 22 öðrum ríkjum árið 2002. Ekki er hægt að útiloka það að sama þróun hafi orðið á viðhorfum almennings í þessum 22 ríkjum frá 2002 til dagsins í dag, það er að segja að dregið hafi úr vilja fólks til að hleypa mörgum innflytjendum inn í landið. Það er áhugavert að velta því fyrir sér hvort að viðhorf Íslendinga hafi breyst vegna aukins fjölda innflytjenda frá árinu 2005, en eins og kemur fram í inngangi hefur innflytjendum fjölgað verulega á Íslandi frá árinu 2004.

Þegar spurt var um hvort það væri betra eða verra fyrir efnahag Íslands að fólk frá öðrum löndum flytjist hingað, hvort það grafi undan eða auðgi íslenskt menningarlíf og hvort það geri Ísland að betri eða verri stað að búa á, telja færri árið 2008 að það sé geri Ísland að betri stað til að búa á og að það auðgi íslenskt menningarlíf, samanborið við 2005. Ekki virðist hafa orðið breyting á afstöðu fólks til þess hvort það sé gott eða slæmt fyrir efnahag Íslands og er það áhugavert í ljósi umræðu um efnahagslegan ávinning af komu innflytjenda. Það vekur þá spurningu hvort að þrátt fyrir að afstaða Íslendinga virðist hafa orðið heldur neikvæðari í garð innflytjenda sjái þeir enn efnahagslegan hag í komu þeirra til landsins. Þar sem könnunin er framkvæmd rétt fyrir að efnahagskreppa skellur á Íslandi af fullum þunga á haustmánuðum 2008, er hugsanlegt að þessi afstaða hafi breyst og er það vert rannsóknarefni.

Þegar svör við þessum þremur spurningum er borin saman við svör í 22 öðrum ríkjum árið 2002, má sjá sama mynstur og í spurningunum við hversu mörgum innflytjendum ætti að hleypa til landsins. Að þrátt fyrir að afstaða Íslendinga virðist hafa orðið að sumu leyti neikvæðari, eru þeir í hópi þeirra sem eru jákvæðastir í garð innflytjenda samanborið við hin ríkin.

Þegar svör við spurningum um kynþætti eru skoðuð, má sjá breytingar á milli ára frá því að spurningarnar voru lagðar fyrir árið 2003, með þeim hætti að dregið hefur úr því að fólk álíti að ólíkir kynþættir hafi mismunandi líkamlega og andlega getu (greindarfar) og að menning sé mismunandi

vegna þess að kynþættir séu ólíkir. Þegar litið er á spurningarnar sem eiga að reyna að meta hvaða merkingu hugtakið kynþáttur hefur í huga fólks, eru hlutfallslega fleiri sem segja það vera gagnlega aðferð við að flokka fólk eftir útliti og að það sé vísindaleg flokkunaraðferð en að sama skapi hlutfallslega færri sem segja að hugtakið vísi í úrelta flokkun sem á sér ekki vísindalegar stoðir. Það virðist því sem það hafi orðið tilfærsla á viðhorfum fólks frá því að líta á að kynþættir hafi ólíka eiginleika yfir í að hugsa um hugtakið sem flokkunaraðferð sem hefur ekki í sér skírskotun í eiginleika kynþátta.

Þegar spurt var um aðlögun innflytjenda, virðast flestir vera á því að það sé betra fyrir þjóðfélagið í heild að innflytjendur viðhaldi ekki sínum sérstöku siðum og hefðum, heldur tileinki sér siði þess lands sem þeir flytja til. Færri telja að það sé betra að innflytjendur viðhaldi sínum sérstöku siðum og hefðum. Hér hefur þegar verið bent á að síðari staðhæfingin felur í ekki í sér útilokun á því að innflytjendur tileinki sér líka siði þess lands sem þeir flytja til, en ekki er hægt að útiloka að svarendur hafi skilið staðhæfingarnar sem andstæður sem útiloka hvor aðra. Draga má þá ályktun af þessu að ef valið stendur á milli þess að halda eigin siðum og hefðum, eða láta af þeim og taka upp siði og hefðir þess lands sem flutt er til, að þá séu fleiri sem telja að síðari kosturinn sé betri fyrir þjóðfélagið í heild. Þetta er áhugavert í ljósi umræðu um fjölmenningu og vekur upp þá spurningu hvort að með þessu séu Íslendingar ekki hlyntir fjölmenningu, heldur því að innflytjendur aðlagist algerlega menningu Íslendinga. Í samanburði við svör við sömu spurningu í 22 öðrum ríkjum árið 1999 eru Íslendingar síst hlyntir því að innflytjendur eigi að halda eigin siðum og venjum og skipa sér þar í hóp með ríkjum eins og Austur-Þýskalandi, Austurríki og Danmörku.

Í öðrum spurningum um aðlögun innflytjenda var spurt hvenær innflytjendur ættu að öðlast sama rétt og aðrir til velferðarþjónustu, hvort það skipti miklu eða litlu máli að fólk í hjónabandi væri af sama þjóðerni, hvort að innflytjendur væru alvarleg ógn við þjóðareinkenni Íslendinga og hvort það skipti litlu eða miklu máli að bæta lífskjör útlendinga á Íslandi. Um fjórðurngur aðspurðra töldu að innflytjendur ættu að öðlast sama rétt til velferðarþjónustu eftir að þeir hafa fengið íslenskan ríkisborgararétt en um 44% eftir að hafa borgað skatta á Íslandi í að minnsta kosti eitt ár. Langflestir svarenda töldu það ekki skipta máli hvort að fólk í hjónabandi væri af sama þjóðerni og voru því ósammála að innflytjendur væru alvarleg ógn við þjóðareinkenni Íslendinga og um 65% voru því sammála að það skipti máli að bæta lífskjör útlendinga á Íslandi. Í spurningunni um hvort að útlendingar séu ógn við þjóðareinkenni Íslendinga er gert ráð fyrir að svarendur telji að til sé eitthvað sem sé þjóðareinkenni Íslendinga og vert er að vekja athygli á því að ekki var spurt nánar um hver eru þjóðareinkenni Íslendinga og hvort eða hvernig þessum einkennum gæti verið ógnað. Svörin gefa vísbendingu um að það sé samt ákveðin hópur Íslendinga sem telja að innflytjendur séu ógn við þjóðareinkenni Íslendinga eða um 20%, en árið 2007 í kosningarannsókn Ólafs Þ. Harðarsonar voru það tæp 35% sem töldu svo vera. Til að geta greint betur afstöðu til þessarrar

spurningar þyrftu að vera til gögn sem ná yfir lengri tíma, þar sem svona mikil lækkun hefur orðið með árs millibili á þeim sem segja að útlendingar séu ógn við þjóðareinkenni Íslendinga. Ekki er hægt að útiloka það að aðrar spurningar í könnuninni árið 2008 hafi haft áhrif á svör við spurningunni, þar sem þegar höfðu verið lagðar fyrir spurningar um afstöðu til kynþátta og innflytjenda sem gætu hafa haft þau áhrif á svarendur voru búnir að leiða hugann að ýmsum þáttum varðandi kynþáttahyggju og innflytjendur sem þeir höfðu ekki gert í kosningarannsókninni árið 2007.

Um 40% svarenda voru því sammála að þegar atvinna er af skorum skammti ættu atvinnurekendur frekar að ráða Íslendingar heldur en útlendinga í vinnu. Þetta er áhugavert í ljósi þeirra fjöldauppsagna sem fjölmörg fyrirtæki eru að fara í gegnum á síðasta hluta ársins 2008 og ekki er útséð með þróunina árið 2009. Þetta getur bent til þess að þegar atvinnuleysi eykst þá geti það alið á óánægju í garð útlendinga meðal þeirra sem líta svo á að þeir taki atvinnu frá heimamönnum. Þessi óánægja getur birst bæði sem bein óánægja með að innflytjendur eru í störfum sem að fólk eða einstaklingar persónulega myndu vilja sinna, eða að þeir séu í störfum þar sem fólk telur að aðrir heimamenn gætu sinnt.

Ríflega helmingur svarenda telja að innflytjendur séu í samkeppni við Íslendinga um störf á íslenskum vinnumarkaði. Þessa spurningu má gagnrýna fyrir að fólk getur svarað henni með það í huga að almennt sé fólk í samkeppni um störf á vinnumarkaði burtséð frá því hvort það séu heimamenn eða innflytjendur. Á móti kemur að spurningin felur í sér beina skírskotun í innflytjendur á móti Íslendingum og með því reynt að greina hvort að svarendur telji að innflytjendur taki störf frá heimamönnum. Það að rúmlega helmingur telji svo vera, bendir til þess að lítið sé á innflytjendur sem ákveðin hóp sem aðgreini sig frá innflytjendum, en þó ber að fara varlega í að áætla að það sé helmingur Íslendinga sem líti svo á, heldur líta á þetta sem vísbendingu að það sé ákveðin hópur Íslendinga sem líti svo á.

Meirihluti svarenda var sammála því að fjölgun innflytjenda og farandverkamenn lækki bæði almennt meðallaun á Íslandi og meðallaun í þeim atvinnugreinum sem innflytjendur og farandverkamenn starfa í. Ef svör við þessarri spurningu eru borin saman við svör við spurningunni um hvort að atvinnurekendur ættu frekar að ráða Íslendinga heldur en útlendinga í vinnu þegar atvinna er af skorum skammti má leiða líkum að því að óánægja í garð útlendinga geti ekki einungis skapast vegna þess að þeir taki störf frá heimamönnum, heldur einnig að þeir geri það vegna þess þeir fá lægra borgað. Sú trú að innflytjendur lækki meðallaun hlýtur að vera tilkominn vegna þess að svarendur telja að innflytjendur sætti sig við lægri laun, þar af leiðandi verði þeir eftirsóttara vinnuafli og taki störf frá heimamönnum og þetta tvennt saman getur svo enn frekar alið á óánægju í garð innflytjenda.

Að lokum var spurt hvort að svarendur teldu að Íslendingar væru almennt fordómalausari gagnvart innflytjendum í samanburði við aðrar Evrópuþjóðir og hvort að þeir teldu að innflytjendur væru líklegri eða ólíklegri heldur en Íslendingar til að fremja afbrot. Svör við fyrri spurningunni voru að meirihluti voru því ósammála, það er að segja, þeir töldu síður en svo að Íslendingar væru fordómalausari í samanburði við aðrar Evrópuþjóðir. Í þessu felst ekki endilega að Íslendingar telji sig vera fordómafyllri í garð innflytjenda heldur en aðrar Evrópuþjóðir, heldur einungis að þeir telji sig ekki vera fordómalausari. Í síðari spurningunni, um hvort að innflytjendur væru líklegri eða ólíklegri til að fremja afbrot svaraði rúmlega helmingur hvorki né, sem bendir til þess að þeir telji að það sé enginn munur á Íslendingum og innflytjendum að þessu leyti. Það vekur athygli að af þeim sem töldu vera munur, töldu hlutfallslega fleiri að innflytjendur væru líklegri til að fremja afbrot heldur en ólíklegri.

Í lokin voru lagðar fyrir spurningar um hvort og með hvaða hætti svarendur tengdust einhverjum sem væri af erlendum uppruna og byggði á Íslandi. Hátt í 70% sögðust vera í reglulegum samskiptum við manneskju af erlendum uppruna og af þeim sögðu hlutfallslega flestir að það væri í gegnum vinnu og að það væru Pólverjar.

Það er gegnum gangandi þegar svör við viðhorfum til innflytjenda eru greind eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, tekjum, menntun, starfi og hvaða stjórn mála flokk kosinn ef gengið yrði til Alþingiskosninga, að það sé munur eftir kyni, aldri, menntun, starfi og stjórn mála flokki kosinn. Munur eftir kynjum var í öllum tilfellum sá að konur voru almennt jákvæðari í garð innflytjenda samanborið við karla. Þær eru til dæmis frekar á því að leyfa eigi mörgum að flytja til Íslands hvort sem þeir eru af sama kynþætti/menningarlegum uppruna eða ekki, eða frá fátækari löndum utan Evrópu. Munur eftir aldri var yfirleitt með þeim hætti að yngra fólk var frekar jákvæðara í garð innflytjenda og eins má greina mun eftir menntun með þeim hætti að háskólamenntaðir voru yfirleitt jákvæðari í garð innflytjenda heldur en þeir sem eru með framhaldsskólapróf eða grunnskólamenntun. Þegar starf er skoðað, kemur í ljós að það eru oftast þeir sem vinna við iðnaðarstörf/véla- og vélgæslufólk eða í ósérhæfðum störfum sem eru neikvæðastir í garð innflytjenda. Til dæmis voru um 70% þeirra sem starfa sem iðnaðarmenn/véla- og vélgæslu fólk sammála því að innflytjendur væru í samkeppni um störf á íslenskum vinnumarkaði og hlutfallslega langflestir í þessum starfaflokki ásamt þeim sem starfa við ósérhæfð störf á því að hleypa ætti fáum sem eru ekki af sama kynþætti eða menningarlegum uppruna til Íslands.

Það kemur hugsanlega ekki á óvart að munurinn á svörum eftir því hvaða stjórn mála flokkur væri kosinn ef gengið yrði til Alþingiskosninga, er sá að kjósendur Frjálslynda flokksins eru neikvæðastir í garð innflytjenda. Þeir eru til að mynda líklegastir til að telja að innflytjendur grafi undan íslensku menningarlífi og að innflytjendur geri Ísland að verri stað til að búa á. Þrátt fyrir þetta, kemur ekki fram munur á kjósendum flokkanna, þegar spurt er hvort það sé betra eða verra fyrir efnahag Íslands

að fólk frá öðrum löndum flytji hingað. Í framhaldi af því vaknar sú spurning hvort að Íslendingar líti almennt svo á að það sé efnahagslegur ávinningur af fjölgun innflytjenda, til dæmis vegna þess að þeir vinni störf sem gengur illa að manna í með heimamönnum, en hafi samt sem áður tilhneigingu til að líta svo á að innflytjendur séu í samkeppni um störf, lækki almennt meðallaun, grafi undan menningarlífi og geri Ísland að verri stað til að búa?

Þessarri spurningu verður ekki svarað hér, enda aðeins um fyrstu niðurstöður úr þessarri rannsókn að ræða. Svörin sem safnað var í þessarri könnun bjóða upp á áframhaldandi vinnu og greiningu á viðhorfum Íslendinga til innflytjenda þar sem hægt verður að kafa betur ofan í einstaka þætti og bera saman bæði yfir tíma á Íslandi og við önnur ríki þar sem sömu spurningar hafa að hluta til verið lagðar fyrir. Í ljósi reynslu annarra Evrópuríkja af innflytjendamálum og efnahagsástandsins á Íslandi á haustmánuðum 2008, eru framundan tímar sem geta markað spor í afstöðu og hegðun Íslendinga til innflytjenda. Það er að segja, ef það er rétt að atvinnuleysi geti alið á óánægju í garð innflytjenda, gætum við séð fram aukin vandamál eða verkefni í samskiptum Íslendinga við innflytjendur.

Heimildaskrá

- Hagstofa Íslands. (16. október 2008). *Búferlaflutningar á milli landa greint eftir kyni, löndum og ríkisfangi 1986-2008*. Sótt 7. nóvember 2008 af:
<http://www.hagstofa.is/?PageID=623&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN01404%26ti=B%FAferlaflutningar+%E1+milli+landa+eftir+kyni%2C+l%F6ndum+og+r%EDkisfangi+1986%2D2008%26path=../Database/mannfjoldi/Buferlaflutningar/%26lang=3%26units=Fjoldi>
- Inglehart, R. (1997). *Modernization and Postmodernization: Cultural, Economic and Political Change in 43 Societies*. New Jersey: Princeton University Press.
- Kristín Loftsdóttir. (2004). "Ég er ekki með kynþáttafordóma...". Í Úlfar Hauksson (ristjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum V: Félagsvísindadeild* (bls. 575-583). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rystad, G. (1992). Immigration History and the Future of International Migration. *International Migration Review*, 26 (4), 1168-1199.
- Unnur Dís Skaptadóttir. (2004). Fjölmennning á ferð og flugi. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum V: Félagsvísindadeild* (bls. 585-591). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Viðauki I - spurningalistinn

Hér er að finna lista yfir þær spurningar sem lagðar voru fyrir í könnuninni.

Allir svara

1. Að hvaða marki ætti að leyfa fólki sem er af sama kynþætti eða hefur svipaðan menningarlegan uppruna og flestir Íslendingar að flytjast hingað til lands?

Leyfa mörgum að flytjast hingað

Leyfa nokkrum

Leyfa fáeinum

Leyfa engum

Veit ekki

Neitar að svara

Allir svara

2. En hvað með fólk af öðrum kynþætti eða ólíkum menningarlegum uppruna en flestir Íslendingar?

Leyfa mörgum að flytjast hingað

Leyfa nokkrum

Leyfa fáum

Leyfa engum

Allir svara

Veit ekki

Neitar að svara

3. Hvað með fólk sem kemur frá fátækari löndum innan Evrópu?

Leyfa mörgum að flytjast hingað

Leyfa nokkrum

Leyfa fáum

Leyfa engum

Veit ekki

Neitar að svara

Allir svara

4. Hvað með fólk sem kemur frá fátækari löndum utan Evrópu?

Leyfa mörgum að flytjast hingað

Leyfa nokkrum

Leyfa fáum

Leyfa engum

Veit ekki

Neitar að svara

Allir svara

5. Almenn séð, telur þú að það sé gott eða slæmt fyrir efnahag Íslands að fólk frá öðrum löndum flytjist hingað? Vinsamlegast svaraðu á skalanum núll til tíu þar sem núll merkir „slæmt fyrir efnahaginn“ og tíu merkir „gott fyrir efnahaginn“.

Allir svara

6. Telur þú, almennt séð, að fólk frá öðrum löndum sem hingað flyst grafi undan eða auðgi íslenskt menningarlíf? Vinsamlegast svaraðu á skalanum núll til tíu þar sem núll merkir „grefur undan menningarlífi“ og tíu merkir „auðgar menningarlíf“.

Allir svara

7. Gerir það Ísland að verri eða betri stað að búa á ef fólk frá öðrum löndum flyst hingað? Vinsamlegast svaraðu á skalanum núll til tíu þar sem núll merkir „verri stað til að búa á“ og tíu merkir „betri stað til að búa á“.

Allir svara

8. Hvor eftirfarandi staðhæfinga kemst næst þinni skoðun?

- 1: Það er betra fyrir þjóðfélagið í heild að innflytjendur viðhaldi sínum sérstöku siðum og hefðum
- 2: Það er betra fyrir þjóðfélagið í heild að innflytjendur viðhaldi ekki sínum sérstöku siðum og hefðum, heldur tileinki sér siði þess lands sem þeir sem þeir flytja til

Veit ekki

Neitar að svara

Allir svara

Ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingum?

- 9a. Fólki af ólíkum kynþáttum hefur mismunandi líkamlega getu.**
- 9b. Fólki af ólíkum kynþáttum hefur mismunandi greindarfar.**
- 9c. Menning er mismunandi vegna þess að kynþættir eru ólíkir.**
- 9d. Hugtakið kynþáttur er gagnleg aðferð til að flokka fólk eftir útliti.**
- 9e. Hugtakið kynþáttur er vísindaleg flokkunaraðferð.**
- 9f. Hugtakið kynþáttur vísar í úrelta flokkun sem á sér ekki vísindalegar stoðir.**

Mjög sammála

Frekar sammála

Hvorki sammála né ósammála

Frekar ósammála

Mjög ósammála

Veit ekki

Neitar að svara

Allir svara

10. Finnst þér skipta litlu eða miklu máli að fólk í hjónabandi sé af sama þjóðerni?

Skiptir mjög litlu máli

Skiptir frekar litlu máli

Skiptir hvorki miklu né litlu máli

Skiptir frekar miklu máli

Skiptir mjög miklu máli

Veit ekki

Neitar að svara

Allir svara

11. Finnst þér skipta litlu eða miklu máli að bæta lífskjör útlendinga á Íslandi?

Skiptir mjög litlu máli

Skiptir frekar litlu máli

Skiptir hvorki litlu né miklu máli

Skiptir frekar miklu máli

Skiptir mjög miklu máli

Veit ekki

Neitar að svara

Allir svara

12. Hvenær telur þú að innflytjendur eigi að öðlast sama rétt og aðrir til velferðarþjónustu á Íslandi?

Um leið og þeir koma til landsins

Eftir að hafa búið á Íslandi í eitt ár, burt séð frá því hvort þeir hafi verið í vinnu eða ekki

Eftir að hafa borgað skatta á Íslandi í að minnsta kosti eitt ár

Eftir að þeir hafa öðlast íslenskan ríkisborgararétt

Eiga aldrei að öðlast sama rétt og aðrir á Íslandi til velferðarþjónustu

Veit ekki

Neitar að svara

Allir svara

Ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingum?

13a. Þegar atvinna er af skornum skammti, eiga atvinnurekendur að ráða Íslendinga í vinnu frekar en aðra.

13b. Innflytjendur eru í samkeppni við Íslendinga um störf á vinnumarkaði hér á landi.

13c. Innflytjendur eru alvarleg ógn við þjóðareinkenni okkar.

13d. Fjölgun innflytjenda eða farandverkamanna á Íslandi lækka almennt meðallaun á Íslandi.

13e. Fjölgun innflytjenda eða farandverkamanna sem koma erlendis frá til að vinna á Íslandi verður til þess að meðallaun lækka í þeim atvinnugreinum sem þeir starfa í á Íslandi.

13f. Íslendingar eru almennt fordómalausari gagnvart innflytjendum heldur en aðrar Evrópuþjóðir.

Mjög sammála

Frekar sammála

Hvorki sammála né ósammála

Frekar ósammála

Mjög ósammála

Veit ekki

Neitar að svara

Allir svara

14. Telur þú að innflytjendur séu líklegri eða ólíklegri heldur en Íslendingar til að fremja afbrot?

Mun líklegri

Frekar líklegri

Hvorki líklegri né ólíklegri / enginn munur

Frekar ólíklegri

Mjög ólíklegri

Veit ekki

Neitar að svara

Allir svara

15. Ert þú í reglulegum samskiptum við eina eða fleiri manneskju sem er af erlendum uppruna og hefur flutt til Íslands?

Já

Nei

Veit ekki

Neitar að svara

Þeir spurðir sem svara „já“ í spurningu 15.

16a. Hvernig tengist/tengjast þessir einstaklingur/ar þér?

Maki (í hjónabandi eða sambúð)

Kærasta / kærasti / unnusta / unnusti

Systkini

Hálfsystkini

Stjúpsystkini

Stjúpfaðir

Stjúpmóðir

Tengdadóttir / tengdasonur

Tengdaforeldri / tengdaforeldrar

Í nánustu fjölskyldu (aðrir en ofantaldir)

Náin vinur / vinkona

Kunningi

Samstarfsfélagi / vinnufélagi

Með öðrum hætti, hvernig: _____

Veit ekki

Neitar að svara

Þeir spurðir sem svara „já“ við spurningu 14

16. Frá hvaða landi flutt hann/hún (SVAR VIÐ SPURNINGU 15) til Íslands?

17. Ert þú í launaðri vinnu þessa dagana?

Já

Nei

Veit ekki

Neitar að svara

Þeir spurðir sem svara „nei“ við spurningu 17.

18a. Ert þú heimavinnandi, í námi, öryrki, atvinnulaus, í fæðingarorlofi frá vinnu vegna veikinda, í fríi eða hætt(ur) að vinna vegna aldurs?

Atvinnulaus; í hver margar vikur: _____

Frá vinnu eða hætt(ur) að vinna vegna veikinda

Í fríi

Í fæðingarorlofi

Hætt(ur) að vinna vegna aldurs

Námsmaður

Heimavinnandi

Öryrki

Veit ekki

Neitar að svara

Þeir spurðir sem svara „já“ við spurningu 17 eða „atvinnulaus“, „frá vinnu eða hættur að vinna vegna veikinda“, „í frí“, „í fæðingarorlofi“ eða „hættur að vinna vegna aldurs“ við spurningu 18a.

19a. Hvert er/var megin starf þitt?

Kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn

Sérfræðingar

Tæknar og sérmenntað starfsfólk

Skrifstofufólk

Þjónustu- sölu - og afgangslufólk

Bændur og sjómenn

Iðnaðarmenn og sérhæft starfsfólk við iðnað

Véla- og vélgæslufólk

Ósérhæft starfsfólk

Annað; hvað: _____

Veit ekki

Neitar að svara

Allir svara

20a. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?

Grunnskólaprófi eða sambærilegu

Starfsnámi, öðru en iðnnámi (t.d. sjúkraliðanámi, námi í lögregluskóla)

Iðnnámi (t.d. sveinsprófi, meistaraprófi)

Bóklegu framhaldsnámi (t.d. stúdentsprófi, verslunarprófi)

Sérskólanámi á háskólastigi (t.d. kennaraprófi ekki B.Ed., myndlistarnámi)

Háskólagráðu í grunnnámi (t.d. B.A., B.S., B.Ed. o.s.frv.)

Háskólagráðu á framhaldsstigi (t.d. M.A., M.Sc., Ph.D. o.s.frv.)

Öðru nám; hverju þá? _____

Veit ekki

Neitar að svara

Allir svara

21. Hver er hjúskaparstaða þín?

Gift/kvæntur

Í sambúð

Fráskilin(n)

Einhleyp(ur) / hef(ur) aldrei verið í hjónabandi eða staðfestri sambúð

Ekkja / ekill

Veit ekki

Neitar að svara

Allir svara

21. Hvað ert þú með að jafnaði í heildarlaun á mánuði fyrir skatt, svona um það bil?

Allir svara

22. Ef alþingiskosningar væru haldnar á morgun, hvaða flokk eða lista myndir þú kjósa?

Framsóknarflokkinn (B)

Sjálfstæðisflokkinn (D)

Samfylkinguna (S)

Vinstri hreyfinguna grænt framboð (U)

Frjálslynda flokkinn (F)

Íslandshreyfinguna (I)

Annan flokk eða lista

Myndi ekki kjósa

Myndi skila auðu / ógildu

Veit ekki

Neitar að svara